

# KLIFUR

MÁLGAGN SJÁLFSBJARGAR LSF ♦ 1. TBL. 2007 ♦ 18. ÁRGANGUR



**Kappsmál að treysta stöðu öryrkja á vinnumarkaðnum**  
Gylfi Arnþórsson,  
framkvæmdastjóri  
Alþýðusamband  
Íslands

**Mótum framtíð**  
Ráðstefna á Nordica Hotel

**Tækifæri til þátttöku í íþróttum**  
Íþróttasamband fatlaðra

**Baráttumálin**  
Ragnar Gunnar Þórhallsson,  
formaður Sjálfsbjargar



**Sektin á að vera það há, að sá er leggur í stæðið, geri það ekki aftur**  
Valdimar Leó Friðriksson,  
alþingismaður

<b>List án landamæra</b>	<b>3</b>	<b>Mótum framtíð</b>	<b>18</b>
<i>Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir</i>		<i>Ráðstefna á Nordic Hótel</i>	
<b>Fréttir</b>	<b>4</b>	<b>Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar</b>	<b>21</b>
		<i>Anna Guðrún Sigurðardóttir í viðtali</i>	
<b>Sameinuðu þjóðirnar</b>	<b>7</b>	<b>Aðgengi í eldri íbúðir</b>	<b>22</b>
<i>Sáttmáli um réttindi fatlaðra samþykktur</i>		<i>Gluggað í skýrslu Þórarins Magnússonar hjá Félagsbústöðum hf</i>	
<b>Öryrkjar á vinnumarkaðnum</b>	<b>8</b>	<b>Fréttir</b>	<b>25</b>
<i>Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ í viðtali</i>			
<b>Fréttir</b>	<b>10</b>	<b>Aðgengi í Háskólanum í Reykjavík</b>	<b>26</b>
		<i>Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs í viðtali</i>	
<b>Breyting á umferðarlögum</b>	<b>13</b>	<b>Íþróttasamband fatlaðra</b>	<b>28</b>
<i>Valdimar Leó Friðriksson, alþingismaður í viðtali</i>		<i>Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri í viðtali</i>	
<b>Baráttumálin</b>	<b>16</b>	<b>Halaleikhópurinn</b>	<b>30</b>
<i>Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar Isf, í viðtali</i>		<i>Batnandi maður</i>	
<b>Landsbankinn styrkir Sjálfsbjörg</b>	<b>18</b>	<b>Krossgátan</b>	<b>31</b>

120 <sup>1886</sup> <sub>2006</sub>



## Leggðu góðu málefni lið


Stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í **Einkabankanum** og **Fyrirtækjabankanum** á landsbanki.is er þjónusta sem auðveldar einstaklingum og fyrirtækjum að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt er hægt að velja á milli fleiri en 70 góðgerðarfélaga og leggja þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti allt árið. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta. **Það er auðvelt að skipta máli.**

Þú getur lagt **Sjálfsbjörg** lið í **Einkabankanum** og **Fyrirtækjabankanum**.



**Landsbankinn**

Banki allra landsmanna í 120 ár



Forsíðumyndin er frá ráðstefnunni Mótum framtíð sem haldin var í lok mars á Nordica Hotel, en á henni var komið víða við í málefnum fatlaðrar íframsögu og umræður urðu meðal þátttakenda í kaffihléum en myndin er einmitt tekin við eitt slíkt tækifæri.

**Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir,  
varaformaður Sjálfsbjargar Isf,**

## **Að skynja og skapa líf og list án landamæra**

Við erum oft æði fljót að mynda okkur skoðun um náungann, komast að ákveðinni niðurstöðu um hann. „Þetta fólk verður aldrei eins og við“ er setning sem stundum er sögð um fólk sem tilheyrir minnihlutahópum, fatlaðir, samkynhneigðir og útlendingar. Það að vera fatlaður eða útlendingur fer að mörgu leiti eftir aðstæðum hverju sinni, eftir því hvar við erum staðsett. Við höfum flest upplifað að vera útlendingur er við dveljum í öðru landi.

Segja má að heyrnarlausir séu eins og útlendingar í sínu eigin landi þar sem þeir þurfa enn að berjast fyrir að fá táknmálið viðurkennt sem þeirra móðurmál. Við erum ekki fötlunin eða samkynhneigðin heldur fyrst og fremst manneskjur. Að horfast í augu við lífið og sjálfan sig getur verið erfitt en einnig þroskandi. Við það að þroskast sjáum við lífið í öðru ljósi. Við verðum ekki eins þröngsýn, horfum ekki á heiminn út um skrárgat, heldur opnum hurðina og göngum út til að þiggja lífið.

Listahátíðin List án landamæra mun hefja sig til flugs í fjórða sinn þann 26. apríl nk Samstarfsaðilar í stjórn hátíðarinnar eru: Fjölmennt, fullorðinsfræðsla fatlaðra, Átak, félag fólks með þroskahömlun, Hitt húsið, Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp. Hafa þessir aðilar í samstarfi við ýmsa hópa hrint af stað kröftugri hátíð sem sett hefur sterkan svip á menningarárið á Íslandi og brotið niður ýmsa múra. Á hátíðinni hafa ólíkir aðilar unnið saman að ýmsum listtengdum verkefnum með frábærri útkomu, sem hefur leitt til aukins skilnings manna á milli með ávinningi fyrir samfélagið allt.

Dagskrá hátíðarinnar í ár verður fjölbreytt og skemmtileg þar sem gestir og gangandi geta notið mynd-, tón- og ljóðlistar víðs vegar um borgina og úti á landsbyggðinni. Tyllt sér niður á blindu og/eða á geðveiku kaffihúsi og tekið þátt í að skapa risatóran gjörning sem ber heitið, Tökum höndum saman, við þurfum á hvert öðru að halda.

Gjörningurinn fram fer við tjörnina í Reykjavík þann 28. apríl nk. frá klukkan 13 – 15. Með því að taka höndum saman og mynda hring óháð stétt og stöðu, augnlit og útlitsgerð, krefst þess að við horfumst í augu við sjálf okkur. Sjóndeildarhringurinn stækkar, við verðum ekki eins þröngsýn á lífið og færumst úr spori. Tjörninn táknað að við horfumst í augu við sjálf okkur, speglum okkur í vatninu og jafnframt horfumst við í augun á náunganum sem við höldumst í hendur við. Við erum jú öll manneskjur, gerð úr sama efni.

Þessi gjörningur er góð leið til að efla vitundarvakningu sem þarf að eiga sér stað til þess að allir geti verið sýnilegir og tekið þátt í þjóðfélaginu á sínum forsendum. Til þess að ná að mynda hring utan um tjörnina þarf fjöldann allan af fólki. Allir eru velkomnir. Tökum höndum saman, við þurfum á hvert öðru að halda, sköpum líf og list án landamæra.

*Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir er í stjórn  
Listar án landamæra og höfundur gjörnings.*

## Ráðstefnan Hreyfihamlaðir og vinnumarkaðurinn

Sjálfsbjörg er aðili að „Nordisk Handikap Forbund” (Bandalagi fatlaðra á Norðurlöndum), norrænum samtökum hreyfihamlaðra. Verður haldin rástefna á vegum samtakanna á Íslandi í haust, nánar tiltekið 14.–15. september á Grand Hótel. Efni ráðstefnunnar er “Hreyfihamlaðir og vinnumarkaðurinn” og var það að tillögu Sjálfsbjargar Isf. Það var valið. Að samtökun eiga aðild auk Sjálfsbjargar: Dansk Handicap Forbund, De Handikappades Riksförbundet, (Svíþjóð) Norges Handikapforbund og Invalidiliitto (Finnlandi). Stjórnarfundir og málþing samtakanna er haldið tvisvar á ári, til skiptis í löndunum 5.

## Óvenjulegir líkamar

Óvenjulegir líkamar: Ímyndir fatlaðra í bókmenntum, listum og dægurmenningu er yfirskrift fyrirlesturs sem Dr. Rosemarie Garland-Thomson, dósent við Emory University í Atlanta, Bandaríkjunum heldur þriðjudaginn 15. maí kl. 15.00. Rannsóknarsvið bandarísku fræðikonunnar Rosemarie Garland-Thomson er fatlað fólk í bókmenntum og listum. Einnig hefur hún fjallað um gláp (e. stearing). Rosemarie er bókmenntafræðingur og feministi, en í Bandaríkjunum er algengt að fræðafólki úr hugvísindum starfi innan fötlunarfræði. Fyrirlesturinn sem healdinn er í Norræna húsinu er hluti af dagskrá menningarháttíðar fatlaðra List án landamæra og er opin öllum án endurgjalds.

## Sjálfsbjörg gagnrýnir reglugerð um styrki vegna bifreiðakaupa

Sjálfsbjörg gagnrýnir nýja reglugerð sem tók gildi í mars hvað varðar styrki vegna bifreiðakaupa hreyfihamlaðra einstaklinga. Samkvæmt tilkynningu var hvorki Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, né Öryrkjabandalagi Íslands gefinn kostur á að fá reglugerðina til umsagnar áður en hún var undirrituð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Fyrir hreyfihamlaða einstaklinga er bifreið grundvallarhjálpartæki til þátttöku og virkni í samfélaginu. Mikil rýmun hefur orðið á styrkjum og uppbotum frá Tryggingastofnun ríkisins til hreyfihamlaðra vegna bifreiðakaupa á síðustu árum. Styrkuppþæðir samkvæmt reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins

hafa ekki hækkað í 8 ár og tími milli styrkveitinga hefur verið lengdur, sem hefur leitt til verulegrar rýrnunar á verðgildi styrkja.

Breyting á gildandi reglugerð tók gildi 22. mars 2007, en þar er ekki tekið á rýrnun styrkja og uppþóta heldur m.a. sett ákvæði um takmörkun á frelsi einstaklings til að velja sér bifreið og virðist farið offari í þeim kröfum. Sjálfsbjörg vekur af þessu tilefni athygli á þeirri kröfu að komið verði á fót formlegum samráðsvettvangi samtaka fatlaðra og stjórnvalda þar sem samtökum þeirra er veittur eðlilegur aðgangur og vettvangur til að fjalla um málefni sem að fötludum snýr.

Sjálfsbjörg hefur áður gert athugasemdir og komið með ábendingar varðandi núgildandi reglugerð og sendi stjórnvöldum tillögur um lækkan á bifreiðakostnaði hreyfihamlaðra seint á árinu 2006, sem ekki hafa fengist viðbrögð við.

## Heildarsamtök aldraðra og fatlaðra koma ekki að framboðum

Landssamband eldri borgara, Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, og Öryrkjabandalag Íslands sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem kemur fram, að heildarsamtök aldraðra og fatlaðra komi á engan hátt að undirbúningi framboða til Alþingis, sem kynnt hafi verið sem framboð öryrkja og aldraðra.

„Samtök aldraðra og fatlaðra starfa á þverpólitískum grundvelli að hagsmunamálum félagsmanna sinna og hafa engin áform uppi um framboð til Alþingis í kosningunum í vor. Undirritaðir leggja áherslu á kröfuna um eitt samfélag fyrir alla sem og kjörorðin ekkert um okkur án okkar og hvetjum á þeim grunni öryrkja og aldraða til að vera virka þátttakendur á vettvangi stjórnmalanna, hvar í flokki sem þeir standa, og sinna þannig borgaralegum réttindum og skyldum sem fullgildir þátttakendur í samfélaginu,“ segir í yfirlýsingunni.

Undir yfirlýsinguna skrifa Ólafur Ólafsson, formaður Landssambands eldri borgara, Ragnar Gunnar Þórhalls-son, formaður Sjálfsbjargar og Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands.



Pjódminjasafn Íslands hefur lagt áherslu á gott aðgengi fyrir alla.

## Pjódminjasafninu veitt viðurkenning Sjálfsbjargar

Pjódminjasafn Íslands hefur lagt áherslu á að bæta aðgengi fyrir fatlaða. Það var til Á alþjóðadegi fatlaða, 3. desember síðastliðinn veitti Sjálfsbjörg Isf. Pjódminjasafninu viðurkenningu fyrir gott aðgengi fyrir alla. Margrét Hallgrímsdóttir Pjódminjavörður og Anna Guðný Ásgeirsdóttir, fjármálastjóri safnsins veittu viðurkenningunni viðtöku. Að sögn Margrétar Hallgrímsdóttur er þarna um afar mikilvæga viðurkenningu að ræða sem Pjódminjasafnið er bæði þakklátt fyrir og stolt af. „Viðurkenningin er jafnframt hvatning til enn frekari árangurs á þessu sviði. Pjódminjasafnið mun áfram kappkosta að gera safnið aðgengilegt öllum landsmönnum.“

## Hindrun fyrir fatlaða leyst

Bílaleiga Hertz hefur tekið í notkun fyrsta bílaleigubílinn á landinu sem getur tekið hjólastól. Fyrsti einstaklingurinn sem tók hann á leigu var danski baráttumaðurinn Evald Krog sem var hér á landi vegna ráðstefnunnar Mótum. Með honum þegar hann fékk bíl-

inn afhentan var Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins: „Mér finnst þetta merkilegur dagur“, sagði hann af þessu tilefni: „Þetta er ein hindrun fyrir fatlaða sem hefur verið leyst.“ Meðal gesta þegar bíllinn var fyrst leigður var Sturla Böðvarsson. Guðjón segir að það hafi skapað vandamál fyrir fatlaða að geta ekki leigt bílaleigubíla. Nú er Evald að koma í fjórða skiptið og alltaf hefur verið vesen með bíla. Engin bílaleiga hefur boðið bíl fyrr en nú. Það var að beiðni Guðjóns sem Hertz-bílaleigan tók að sér að hans um að útbúa bíl fyrir fatlaða leigutaka. Umræddur bíll er af gerðinni Toyota HiAce og var aftasti bekkurinn tekinn úr bílnum og þar útbúnar festingar fyrir hjólastól.

Bílaleigan mun til að byrja með bjóða einn slíkan bíl en fjölga ef þurfa þykir.

## Bætt aðgengi fatlaðra hjá Taflfélagi Reykjavíkur

Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, borgarstjóri Reykjavíkur, vígði nýlega stólalyftu fyrir fatlaða og aldraða í húsakynnum Taflfélags Reykjavíkur í Faxafeni 12. Óttar Felix Hauksson, formaður Taflfélagsins, segir um langþráð markmið félagsins að ræða og að lyftan muni stórbæta aðgengi aldraðra og fatlaðra að félagsstarfinu í Skákhöllinni. „Allar aðstæður í Skákhöllinni í Faxafeni eru til fyrirmyndar. Hins vegar var sá hængur á að aðstaðan er á annarri hæð en nú hefur þeirri hindrun verið rutt úr vegi, sem er verulega ánægjulegur áfangi.“ Vígslan fór fram við fyrstu umferð Skeljungsmótsins 2007.

## Pro Golf semur við Golfsamtök fatlaðra

Ólafur Már Sigurðsson skólastjóri Pro Golf og Hörður Barðdal, formaður Golfsamtaka fatlaðra á Íslandi (GSFÍ), undirrituðu fyrir stuttu síðan samning um golfkennslu fyrir fatlaða á árinu 2007. Pro Golf mun sjá um æfingar fyrir fatlaða einu sinni í viku allt árið um kring. Kennslan fer fram í Básum alla sunnudaga milli 15:00 og 17:00. „Það er mikill heiður fyrir Pro Golf að kenna fötluðum einstaklingum golf en um leið mjög krefjandi verkefni. Markmið Pro Golf og GSFÍ er að efla og auka golfiðkun fatlaðra og samskipti þeirra á milli. Einnig að gera fötluðu fólki kleift að stunda golfíþróttina til æfinga og keppni. Golf er fyrir alla, allt árið.“ sagði Ólafur Már í tilefni samningsins.

## – Takk fyrir veittan stuðning –

### REYKJAVÍK ▼

2001 ehf, Hverfisgötu 49  
Aðalblíkk ehf, Vagnhöfða 19  
Aðalvík ehf, Seiðakvísl 15  
Akron ehf, Síðumúla 31  
Alefli ehf byggingaverktakar, Parabakka 3  
Allar lagnir ehf, Æsufelli 4  
Allt fint ehf, Hrísteigi 45  
Andrés, fataverslun, Skólavörðustíg 22a  
Arctic rafting, Andrésbrunni 13  
Arentsstál ehf, Eirhöfða 17  
Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164  
Arkitektastofan OG ehf, Söltúni 1  
Aseta ehf, Tunguhálsi 19  
Asia ehf, veitingahús, Laugavegi 10  
ASK Arkitektar ehf, Geirsgötu 9  
Á stofunni - arkitektar ehf, Bergstaðastræti 10  
Álnabær hf, vefnaðarvörverslun Tjarnargötu 17 Kefl,  
og Síðumúla 32 Rvík  
Áltak ehf, Stórhöfða 33  
Árni Reynisson ehf, Laugavegur 170  
Ásfell ehf, Fremristekk 11  
Backman & Björgvinsson lögmannsstofa, Lág múla 7  
Bakarameistarinn ehf, Stígahlíð 45-47  
Banarar ehf, Súðavogi 2e  
Barnatannlæknastofan ehf, Faxafeni 11  
Bátar og búnaður ehf, Barónsstíg 5  
Belís heilsuvörur ehf, Esjuginn 43  
Betri bílar hf, bílaverkstæði, Skeifunni 5c  
BGI málarar ehf, Brekkubæ 17  
Bifreiðabyggingar sf, Tangarhöfða 5  
Bifreiðastílling Nicolai, Faxafeni 12  
Bilaleigan AKA, Vagnhöfða 25  
Bilamálun Halldórs Þ Nikulássonar, Funahöfða 3  
Bilasalan Höfðahöllin ehf, Kletthálsi 2  
Bilasmíðunin hf, Bildshöfða 16  
Bilasprautun SMS ehf, Smiðshöfða 12  
Bilastjarnan, Bæjarflöt 10  
Björgun ehf, Sævarhöfða 33  
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23  
Bókabúð Steinars ehf, Bergstaðastræti 7  
Bókaútgáfan Hólar ehf, Hagasel 14  
Brim hf, Tryggvagötu 11  
Brim Laugavegi og Kringlunni  
Bræðurnir Ormsson ehf, Síðumúla 9  
BSRB, Grettisgötu 89  
Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf, Borgartúni 31  
DHL Á ÍSLANDI, Sundabakka 2  
Dimar - Lystadún Snæland ehf - Sími 568 5588,  
Skútuvogi 11  
Dún- og fiður ehf, Laugavegi 87  
Dýnjandi ehf, Skeifunni 3h  
Dýraverndarsamband Íslands, Brekknaási 9  
Edda - útgáfa hf, Suðurlandsbraut 12  
Effect hársnyrtistofa, Bergstaðastræti 10a  
Efling stéttarfélag, Sættúni 1  
Efnalauð Árbæjar ehf, Hraunbæ 102  
Einrúm ehf, Gláðheimum 20  
Ekran ehf, Vatnagörðum 22  
Endurskoðendabjónustan ehf, Skipholti 50d  
Endurskoðun og reikningskil hf, Stangarhlíð 5  
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4  
Ernst & Young hf, Borgartún 30  
Fasteignamarkaðurinn ehf, Óðinsgötu 4  
Fasteignasalan Garður ehf, Skipholti 5  
Fasteignasalan Klettur ehf, Skeifunni 11  
Faxafloahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17  
Feró ehf, Steinasel 6  
Ferskar kjötvörur hf, Síðumúla 34

Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1  
Fjarhitun hf, Suðurlandsbraut 4  
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14  
Fjölver hf, olíurannsóknir, Hólmaslóð 8  
Fold-fasteignasala ehf, Laugavegi 170  
Frumkönnun ehf, Hæðargarði 14  
Fröken Júlía ehf, Mjódd  
G Hannesson ehf, Borgartúni 23  
G.S.varahlutir ehf, Bildshöfða 14  
Gagnsmiðja - Háskólafrjölritun, Fálkagötu 2  
Gámaþjónustan hf, Súðarvogi 2  
Glitnir banki ehf, Stórhöfða 17  
Glitnir banki ehf, útibú 525, Háaleitisbraut 58  
Glófaxi hf, Ármúli 42  
Gluggahreinsun Loga, Funafold 4  
Grásteinn ehf, Grímshaga 3  
Grænn kostur ehf, Skólavörðustíg 8  
Gull og silfur ehf, Laugavegi 52  
Gullnámán, Tjarnargötu 4  
Gunnar & Trausti-Merkismenn ehf, Ármúla 36  
Gunnar afi SH 474  
Gúmminvinnustofan Sp, Skipholti 35  
Gæðafæði ehf, Bildshöfða 14  
Hafgæði sf, Fiskilóð 47  
Hagaskóli, Fornhaga 1  
Halldór Jónsson ehf, Skútuvogi 11  
Harald og Sigurður ehf, Stangarhlíð 5  
Háfell ehf, Skeifan 11  
Hár og hamar ehf, Hrísteigi 47  
Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur, Miðleiti 7  
Hátækni ehf, Ármúla 26  
HBH Veitingar ehf - Skólalágr, Skólalágr 1  
Heimilisprýði ehf við, Hallarmúla 1  
HeklaSoft ehf, Reykjavíð 8  
HGK ehf, Laugavegi 13  
Himinn og haf auglýsingastofa ehf, Tryggvagötu 11  
Hjá Jóa Fel-brauð- og kókulist ehf, Kleppsvégi 150  
Hreyfigreining Höfðabakka ehf, Höfðabakka 9  
Hreyfimyndasmíðjan ehf, Garðsenda 21  
Hringsjá, náms- og starfsendurhæfing, Hátúni 10b  
Húsafríðunarnefnd ríkisins, Suðurgötu 39  
Höfði fasteignamiðlun ehf, Suðurlandsbraut 20,  
og Bæjarhrauni 22  
Iceland Excursion ehf, Höfðatúni 12  
Iðntré ehf, Draghálsi 10  
Innform ehf, Klapparstíg 27  
Innheimtustofa Reykjavíkur, Vegmúla 2  
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lág múla 9  
Innrömmun Sigurjóns ehf, Fákafeni 11  
Internet á Íslandi hf, ISNIC, Dunhaga 5  
ISS Ísland ehf, Ármúla 40  
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4  
Íslenska auglýsingastofan, Laufásvegi 49-51  
Ísloft blíkk- og stálsmiðja ehf, Bildshöfða 12  
Ísól ehf, Ármúla 17  
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6  
Íþróttasamband fatlaðra, Engjavegi 6  
J. S. Gunnarsson hf, Fossaleyni 10  
Jón Ásbjörnsson hf, Geirsgötu 11  
Jónsson & Lemacks ehf, Vesturgötu 10A  
Kafólska kirkjan á Íslandi, Hávallagötu 14-16  
Kemis ehf, Breiðhöfða 15  
Kennarasamband Íslands, Laufásvegi 81  
Kjartan Gunnarsson, Starhaga 4  
Kjálkar ehf, Laugavegi 163  
KOM almannatengsl, Borgartúni 20  
Kone ehf, Síðumúla 17  
KPMG hf, Borgartúni 27  
Krabbameisfélag Íslands, Skógarhlíð 8  
Kraftur hf, Vagnhöfða 1

Krónos ehf, Laugavegi 170  
Lagnagæði ehf, Flúðaseli 94  
Landssamtökin Proskahjálpar, Háaleitisbraut 13  
Láshúsið ehf, Bildshöfða 16  
Lindin, kristið útlarp FM 102,9, Krókhálsi 4  
Límtré Vínnet ehf, Gylfaflöt 9  
Lögmenn Fortis ehf, Laugavegi 7  
M.G.B. endurskoðun ehf, Bildshöfða 14  
Magnús og Steingrímur ehf, Bildshöfða 12  
Matthías ehf, Vesturfold 40  
Málningarvörur ehf, Lág múla 9  
Meistarafélag húsa-smiða, Skipholti 70  
Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7  
Mentis hf, Sigtúni 42  
Miðaprentun ehf, Vagnhöfða 7  
Múr- og málningarbjónustan Höfn ehf, Réttarhálsi 2  
Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Skipholti 80  
Neytendasamtökin, Síðumúla 13  
NM ehf, Brautarholti 10  
Nói-Sírús hf, Hesthálsi 2-4  
Nýi öskulóinn ehf, Klettagörðum 11  
Nýja sendiblastöðin hf, Knarrarvogi 2  
Olíudreifing ehf, Gelgjutanga  
Opin kerfi ehf, Höfðabakka 9  
Ó. Johnson & Kaaber ehf, Tunguhálsi 1  
Ólafur Þorsteinsson ehf, Vatnagörðum 4  
Ósal ehf, Tangarhöfða 4  
Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf, Krókhálsi 14  
Plúsmarkaðurinn, Hátúni 18b  
Pottþétt ehf, Hjallalandi 30  
Prentþúsið sf, prentsmiðja, Skúlatúni 6  
Prentmót ehf, Vítastíg 3  
Rafsól ehf, Skipholti 33  
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23  
Rafsvið sf, Haukshólum 9  
Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 4  
Rafúðni ehf, Eyjarlóð 3  
Raftækniþjónusta Trausta ehf, Síðumúla 1  
Reynir Grétarsson  
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a  
RST Net ehf, Smiðshöfða 6  
Rögn, heildverslun, Ármúla 17a  
Sagtækni ehf, Bæjarflöt 8e  
Samiðn, Borgartúni 30  
Satúrnu ehf, Brautarholti 4a  
Saxhóll ehf, Nóatúni 17  
Seljakirkja, Hagasel 40  
Setberg, bókaútgáfa, Freyjögötu 14  
SFR stéttarfélag í almannabjónustu, Grettisgötu 89  
SÍBS, Síðumúla 6  
Sjóvélur ehf, Skútuvogi 6  
Skandinavía leikir ehf, Snælandi 7  
Skartgripaverslun Kornelíusar, Bankastræti 6  
Skúlason og Jónsson ehf, Skútuvogi 6  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14  
Smárarimi ehf, Höfðabakka 9, 7 hæð  
SORPA, Gufunesi  
Sprinkler pípuþjónustur ehf, Bildshöfða 18  
SR múr ehf, Rjúpuþelli 8  
Stanislas Bohic garðhönnun, Súðarvogi 6  
Stansverk ehf, Hamarshöfða 7  
Stálsmiðjan ehf, Myrargötu 10-12  
Stilling ehf, Kletthálsi 5  
Stólpi ehf, Klettagörðum 5  
Stúdíó Stafn ehf, Ingólfsstræti 6  
Stýring ehf, Háteigsvegi 7  
Subway, Austurstræti 3  
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17  
Sökkull ehf, Funahöfða 9  
T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6

# Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra samþykktur

Á ráðstefnunni Mótum framtíð sem fram fór dagana 29. og 30. mars á Nordica Hotel var seinni daginn sýnt í beinni útsendingu á öllum sjónvarpsskjám frá undirritun sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi og virðingu gagnvart fötluðu fólki. Fór athöfnin fram í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Áður hafði Óskar Páll Óskarsson, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu kynnt sáttmálann og hélt því áfram eftir að ráðstefnugestir höfðu fylgst um stund með athöfninni í New York.

Í upphafi ráðstefnunnar tilkynnti Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra að utanríkisráðuneytið hefði verið beðið um að undirrita samninginn og valkvæða viðbótarbókun fyrir Íslands hönd. Sagði hann að samningurinn fæli í sér raunverulegar réttarbætur þar sem hann skýri réttarstöðu fatlaðra og kveði skýrt á um rétt þeirra til að standa jafnfætis öðrum í samfélaginu.

Við athöfnina tóku til máls forseti allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, aðstoðarframkvæmdastjóri, forstöðumaður mannréttindaskrifstofu, fulltrúar Mexíkó, Ekvadors og Nýja-Sjálands auk talsmanns hagsmunasamtaka. Erindrekar 81 lands, þar á meðal Íslands, undirrituðu síðan samninginn. Harald Aspelund, varafastafulltrúi Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum, undirritaði samninginn og viðaukann fyrir Íslands hönd.

## Mannréttindi og persónufrelsi

Sáttmálinn er til þess gerður að efla mannréttindi og persónufrelsi fatlaðs fólks og stuðla að virðingu fyrir manngildi þess. Hann byggist á gildandi viðmiðum um mannréttindi þar sem þau eru skoðuð út frá stöðu fólks með fötlun. Sáttmálinn staðfestir að fatlaðir eru einstaklingar með full og jöfn borgaraleg réttindi á við aðra. Það er einstaklinga sem hafa bæði réttinn og getuna til að taka eigin ákvarðanir. Þótt réttindi fatlaðra séu víða tryggð formlega er reyndin sú að fötlugu fólki er oft ýtt út á jaðar samfélagsins og því mismunað á flestum sviðum mannlífsins. Fatlað fólk hefur haft takmarkaðan aðgang að atvinnulífinu, menntakerfinu og heilbrigðisþjónustu og á erfitt um vik að sækja rétt sinn.

Sáttmálinn var unninn í nánú samstarfi við fatlaða og hagsmunasamtök þeirra og grundvallast á virðingu fyrir persónufrelsi einstaklingsins, banni við mismunun, þátttöku, aðgengi, virðingu fyrir fjölbreytileika samfélagsins og jafnrétti kynjanna. Sáttmálin er í 50 greinum og er víða komið við í honum. Þar er kveðið á um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, aðgengi og þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu, rétt til menntunar og heilbrigðisþjónustu, atvinnuréttindi, félagslega þjónustu og fleira. Jafnframt er viðurkennt að viðhorfsbreyting sé nauðsynleg til



Frá undirritun Sáttmála um réttindi fatlaðra í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

þess að fatlaðir njóti sömu réttinda og aðrir. Samkvæmt samningnum mun sérfræðinganefnd hafa eftirlit með því hvernig ríki uppfylla skyldur sínar.

## Samfélagið veiti stuðning

Ef stiklað er á nokkrum atriðum sáttmálans þá er lögð áhersla á að fatlaðir séu ekki sviptir réttindum sínum, heldur veiti samfélagið þann stuðning, sem nauðsynlegur er hverju sinni fyrir hinn fatlaða til að geta greint frá vilja sínum og tekið ákvarðanir um eigið líf. Að fatlaðir eigi rétt til menntunar án nokkurrar mismununar. Tryggja þarf að fatlaðir hafi aðgang að menntakerfi sem er án aðgreiningar á öllum skólastigum og býður upp á nám í gegnum allt lífið. Þá þarf að tryggja að til kennslu ráðist fólk með sérþekkingu á fötlunum, óhefðbundnum tjáskiptaleiðum og öðrum sérkennsluáferðum til að hægt sé að koma til móts við þarfir fatlaðra nemenda.

Í sáttmálanum er einnig lögð áhersla á að fatlaðir eigi jafnan rétt á við aðra til að lifa í samfélaginu, velja sér búsetuform, hvar þeir búa og með hverjum. Fatlaðir eiga ekki að þurfa að sæta því að vera þvingaðir til að búa í tilteknu búsetuúrræði. Að auki eiga fatlaðir rétt á stuðningi og þjónustu til að geta tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun. Þá er áhersla á að ríkið ábyrgist fötluguð árangursríka lagalega vernd gagnvart mismunun og stuðning til að gæta réttar síns almennt. Í því felst að grípa þarf til aðgerða til að koma í veg fyrir misnotkun og að stuðningurinn felist í því að virtur sé réttur hins fatlaða, vilji hans og langanir.

# Kappsmál okkar að treysta stöðu öryrkja á vinnumarkaðnum

**Þann 5. mars lauk störfum nefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar og skilaði nefndin skýrslu, sem var síðan eitt aðal umræðuefnið á ráðstefnunni Ný tækifæri til atvinnuþátttöku sem haldin var í Gullhömrum í Grafarholti, 22. mars. Þar var meðal framsögumanna, Gylfi Arnþórsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, en hann starfaði í nefndinni sem í voru fulltrúar stjórnvalda, aðilar vinnumarkaðarins, Landssamtök lífeyrissjóða og Öryrkjabandalag Íslands. Nefndi Gylfi fyrirlestur sinn Endurskoðun sammingsbundinna veikinda- og slysaréttinda í ljósi nýrra viðhorfa til endurhæfingar. Gylfi var síðan einn fimm einstaklinga sem tók þátt í pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar. Klifur fékk Gylfa í viðtal um erindi sitt og hvernig ASÍ kemur að málefnum fatlaðs vinnuafls í ljósi nýrra viðhorfa:**

„Það er vitað að Íslendingar almennt eru með mestu atvinnuþátttöku í Evrópu í öllum flokkum nema hjá öryrkjum, þar erum við í lægstu sætum og er atvinnuþátttaka öryrkja ekki nema um 25%. Um þetta atriði var mikið fjallað í nefndinni og hvers vegna staðan í málum öryrkja á vinnumarkaði væri svona. Skýringuna má að hluta rekja til fyrirkomulags varðandi réttindi öryrkja hjá almannatryggingum, fyrirkomulag sem er mjög sjúkdómavænt. Það er að segja að réttindi fólks í kerfinu miðast við að vera mikið veikt. Sem dæmi má taka að til þess að geta verið með fullar bætur hjá almannatryggingum þá þarf viðkomandi að vera 75% öryrki eða meira. Þetta er öðruvísi en hjá lífeyrissjóðum okkar þar sem bætur eru miðaðar við umfang örorkunnar. Og það var ein megin niðurstaðan í starfi nefnd-

arinnar að þarna þyrfti að taka til hendinni. Því að að fólk þarf að vera mikið veikt til að komast inn í kerfið en refsingin er mikil ef það vill vinna með, vegna tekjutengingarinnar.“

## Vinnugeta metin

Í nefndinni náðist samstaða allra um að breytinga væri þörf og leggur nefndin til í skýrslunni að breytingar verði gerðar á skilgreiningu á örorku og rétti til örorkulífeyris og viðmiðanir um örorkumat í almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðakerfinu verði samræmdar. Skilið verði á milli mats á þörf einstaklingsins fyrir stoðþjónustu og mats á getu hans til að afla tekna: “Það er að meta vinnugetu fólks, hvað er hægt að gera til að afla sér lífsviðurværis, meta það á fleiri nótum en læknisfræðilegum enda eru ýmsir þættir sem koma til greina varðandi mat á vinnugetu þó læknisfræðin sé auðvitað hluti af þeirri þekkingu. Síðan þarf, þegar metin er vinnugeta eftir áfall eða slys, einnig að meta hvað við getum gert til að auka vinnugetuna. Getum við með tæknilegri aðstoð bætt aðgengi viðkomandi á vinnumarkaðinum eða aukið stoðþjónustuna. Og þá komum við að hugtakinu hlutabætur.

Segjum að viðkomandi sé metinn 40% vinnufær og fær vinnu í samræmi við það þá á hann rétt til 60% bóta sem eru þá bætur sem ekki eru tekjutengdar. Ef dæmið þróast á þann veg að vinnugetan verði meira en 40% eftir endurhæfingu þá á það að treysta stöðu hans og veita honum betri afkomu. Auðvitað vitum við að bótakerfið mun aldrei geta orðið það rausnarlegt að umfangi að við getum tryggt sömu tekjuþróun eins og gerist á vinnumarkaðnum. Í könnunum sem gerðar hafa verið á okkar vegum hefur komið

fram að tekjur og afkoma öryrkja er með þeim hætti að það er fyrir neðan það sem við teljum vera fátækramörk og það sem er kannski verst er að þetta endurtekur sig ár eftir ár. Margir lenda í að vera í lægsta tekjuhópi í eitt ár og hífa sig síðan upp úr honum, kannski lent þarna vegna þess að þeir höfðu lent í tímabundnu áfalli. Öryrkjar aftur á móti búa við þessa afkomu ár eftir ár og hafa ekki möguleika á að koma sér upp úr henni. Við hjá ASÍ lítum þetta mjög alvarlegum augum og viljum gera öryrkjum kleift að afla tekna á við aðra.”

## Öryrkjum fjölgar ekki á vinnumarkaðnum

Þegar Gylfi er spurður hvort orðið hafi fjölgun í hópi öryrkja á vinnumarkaðnum þá segir hann því miður ekki svo vera: „Við höfum skoðað slíkt í lífeyrissjóðunum. Var gerð könnun á þeim sem fengu örorkuúrskurð 1992 og hvað margir þeirra voru aftur komnir til vinnu 2004, á tólf ára tímabili. Reyndist það aðeins vera 9% karla og 12% kvenna, sem er mjög lágt hlutfall. Því miður virðist það vera þannig að eftir að kominn er örorkuúrskurður og örorkubætur sem tekjur, þá er mjög lítil endurinnkoma inn á vinnumarkaðinn miðað við aðrar þjóðir. Þetta segir samt ekki allt. Við erum að sjá góða endurkomu inn á vinnumarkaðinn hjá þeim sem hafa drifið sig í endurhæfingu á Reykjalundi og álíka stofnunum, en það er ekki stór hluti af heildinni. Það segir okkur að þegar við fáum fólk til að vera þátttakandi í endurhæfingu þá er það greinilega rétta leiðin út á vinnumarkaðinn. Þetta lága hlutfall karla og kvenna inn á vinnumarkaðinn aftur, sem ég nefndi, var heildarhlutfall en þegar skoðað er hlutfall þeirra sem höfðu verið í endurhæfingu





**Gylfi Arnbjörnsson:** „Ísland er það land í Evrópu sem er með flest hlutastörf. 25% af störfum í landinu eru hlutastörf. Það er því ekki svo að okkur skorti hlutastörf til að mæta þörfinni hjá fólki sem er með skerta starfsgetu.“

var allt upp í 60% sem skilaði sér aftur út á vinnumarkaðinn og það segir okkur að endurhæfing er nauðsynleg til að fólk fari að vinna aftur. Einstaklingurinn þarf síðan sjálfur að virkja sig og vakna til umhugsunar um eigin ábyrgð um leið og hann þarf öfluga aðstoð til að koma sér út á vinnumarkaðinn.“

Því miður er það þannig hjá okkur í dag, og aftur komum við að bótakerfinu, að ef sá sem reynist vera með 75% örorkumat en nær með endurhæfingu 50% starfsgetu, glatar hann miklum réttindum til bóta. Mér sýnist í fljótu bragði að ef viðkomandi er 35 ára þá er hann að missa 100 til 120 þúsund á mánuði í bótarétt og það er ekki beint hvetjandi til að fara út á vinnumarkaðinn. Við erum að tala um það mikinn bótamissi að það er borin von fyrir hann að geta bætt það upp á vinnu-

markaðnum. Hann á ekki rétt á 50% bótum ef hann getur unnið fyrir hinum 50%. Það ætti að vera hvati fyrir hvern og einn að ná starfsgetu, en sú er ekki raunin eins og staðan er í dag.

### Flest hlutastörfin

Gylfi segir atvinnurekendur sammála ASÍ í að breytinga sé þörf og þeir standi sem og aðrir að nefndarniðurstöðunni: „Við erum sammála þeirri breyttu hugsun að tvískipta þurfi örorkumatinu, annarsvegar er það ótekjutengd hjálpartæki og stoðþjónusta og hins vegar breyting á örorkumatinu til afkomutryggingar, þannig að vinnugetan sé meira mæld í færni fólks og að það eigi rétt á að fara í endurhæfingu. Það er ljóst að viðhorfsbreyting er þegar orðin en meira þarf að koma til. Ekki bara hjá þeim sem að mál-

unum koma heldur einnig hjá almenningi og fyrirtækjum. Ísland er það land í Evrópu sem er með flest hlutastörf. 25% af störfum í landinu eru hlutastörf. Það er því ekki svo að okkur skorti hlutastörf til að mæta þörfinni hjá fólki sem er með skerta starfsgetu. Við höfum því ákveðinn grunn sem við getum farið í til að bæta ástandið, grunnur sem ætti að vera betri en hjá öðrum, en til að hann geti nýst þá þarf viðhorfsbreytingu hjá stjórnsýslunni og vinnumarkaðnum.“

Gylfi er spurður hvort hluti af vandanum sé að fyrirtækin séu hrædd við að ráða fólk í vinnu sem ekki er með fulla starfsgetu: „Það kann að vera, þó ekki eigi það að vera svo. Við erum með veikindaréttinn sem er einstaklingsbundinn. Fólk á rétt á því að vera veikt í allt að tólf mánuði. Allar rannsóknir segja okkur að ef vinnandi maður er átta vikur frá vinnu þá eru helmingsslíkur á því að hann komi ekki aftur til vinnu sinnar. Og ef hann er veitur í sex mánuði þá er 85% líkur á að hann komi ekki aftur til starfa. Það sem virðist gerast er að við þessa einangrun þá fari í gang ómeðvitað niðurbrot á sjálfsmyndinni og sjálfsörygginu sem getur orsakað þunglyndi eða annan kvilla sem getur fylgt slíku ástandi og getur leitt, að því mér skilst, til vöðvagigtar og stoðkerfiskvilla. Eitt af því sem bent hefur verið á er að fyrirtæki haldi í við sig að ráða fólk með skerta starfsgetu af ótta við að lenda í talsverðum kostnaði. Það getur verið að vissri örorku fylgi veikindi, en það eru engar rannsóknir til sem benda til þess að öryrkjar fái oftar flensu en aðrir.“

Gylfi segir að lokum að með því að beita ákveðinni þjónustu, aðhaldi og leiðsögn í að hjálpa fólki að komast í endurhæfingu þá er hann sannfærður um að kjör öryrkja muni batna sem sé ekki aðeins gott fyrir viðkomandi heldur félagslega og efnahagslega mikilvægt og ASÍ bindi miklar vonir við að breytingar verði fljótlega, sem komi öllum til góða: „Við teljum mikilvægt að allir sem eru á vinnumarkaðnum búi við traust réttindi og ákveðið öryggi í sinni afkomu og búi við sveigjanleika fyrir eigin þarfir til dæmis í formi hlutastarfa, geti unnið aðra vikuna, ekki hina, hálfan daginn og þar fram eftir götum. En við verðum vissulega að viðurkenna að fyrirtækin hafa sinn rétt og þau vilja sinn sveigjanleika og þarna er mikilvægt að gott samspil náist sem bætir stöðu þeirra sem búa við skerta starfsorku.“



Gangar eru breiðir í Smáralind.

## Smáralind fær viðurkenningu fyrir gott aðgengi

Ferlinefnd Kópavogs hefur veitt í þriðja sinn viðurkenningu fyrir gott aðgengi Í fyrra hlaut fyrsti áfangi Vatsendaskóla viðurkenningu ferlinefndar fyrir að ráðist var í sértækar ráðstafanir til þess að mæta þörfum eins nemanda. Fram kemur að Smáralind hafi fengið viðurkenninguna meðal annars fyrir bílastæði fyrir fatlaða sem eru góð og vel staðsett við innganga hússins, rými ætluð almenningi sem eru almennt vel lýst og án farartálma, breiða ganga, góðar merkingar, lyftur og salerni séu vel staðsett sem er mjög til að auka öryggi hafa verið settir upp stólpar við rúllustigana. Þá er hægt að fá hjólastóla lánaða og fá þá afhenta við ákveðið bílastæði. Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri afhenti viðurkenninguna. Formaður ferlinefndar er Helga Skúladóttir.

## Samningur um þjónustu við fatlaða á Norðurlandi vestra

Nýr þjónustusamningur milli félagsmálaráðuneytis og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra var staðfestur um síðustu áramót. Samningurinn er gerður til sex ára, frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2012. Félagsmálaráðuneytið skuldbindur sig til að leggja u.þ.b. 1900 milljónir króna til verkefnisins á þeim tíma. Samtök sveitarfélaga taka að sér að veita fötluðum börnum og fullorðnum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins samkvæmt lögum.

Með samningnum ákveða félagsmálaráðuneytið og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra að halda áfram því mikilvæga samstarfi sem hófst í apríl 1999.

Meginmarkmið samningsins er að samþætta þjónustu við fatlaða í heimabyggð og fella hana eins og framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila, færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni. Þetta er gert með meiri skilvirkni, betri nýtingu fjármuna og aukin þjónustugæði að leiðarljósi.

## Rúmir 2 milljarðar til málefna fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu

Íslenska ríkið leggur 2,2 milljarða til málefna fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu á næstu þremur árum. Ennfremur hefur verið skrifað undir samkomulag til eflingar búsetu, dagþjónustu og dagvistar geðfatlaðra á Akureyri. Sá samningur er til fjögurra ára og hljóðar upp á 95 milljónir króna.

Meginmarkmið samningsins er að samþætta þjónustu við fötluð börn og fullorðna í heimabyggð og fella hana sem framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila, færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni. Það er gert með meiri skilvirkni, betri nýtingu fjármuna og með aukin þjónustugæði að leiðarljósi.

Samkomulagið sem skrifað var undir til eflingar búsetu, dagþjónustu og dagvist geðfatlaðra á Akureyri felur í sér að Akureyri leggur til fjórar leiguíbúðir fyrir geðfatlaða, starfsemi fyrir þá verður eflað á ýmsum sviðum, meðal annars í Lautinni sem er dagvist geðfatlaðra rekin af Rauðakrossdeildinni á Akureyri í samvinnu við Geðverndarfélagið og Akureyrarkaupstað. Einnig verður lagður fram byggingarstyrkur til byggingar nýs áfangaheimilis/íbúða fyrir geðfatlaða á Akureyri. Heildarframlag félagsmálaráðuneytisins til þessa samkomulags er sem áður segir 95 milljónir króna.

## Ályktun fundar heildarsamtaka fatlaðra á Norðurlöndum

Fundur heildarsamtaka fatlaðra á Norðurlöndum, HNR, sem haldinn í Helsinki þann 13. mars 2007 ályktaði á þessa leið: "Heildarsamtök fatlaðra á Norðurlöndum (HNR) lýsa eindreginni ánægju sinni með nýjan sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra og treysta því að hann muni leiða til aukinna réttinda og

lífsgæða fatlaðra á Norðurlöndum. Til að svo megi verða er brýnt að vel takist til með samráð og eftirlit með framkvæmdinni. Heildarsamtökin vilja vekja sérstaka athygli á 4. grein sáttmálans um almennar skyldur ríkja (general obligations). HNR samtökin hvetja stjórnvöld á öllum Norðurlöndunum til að eiga náð samráð við samtök fatlaðra um framgang sáttmálans og að heildarsamtökin í hverju landi fyrir sig eigi fulltrúa í opinberum eftirlitsnefndum með framkvæmdinni og sem starfi á landsvísu.

### Frábær jólagjöf

Stjórn og starfsfólk Landsvirkjunar sendu okkur Sjálfsbjargarfólki jólakveðju sína en þau hafa þann hátt á að í stað þess að senda jólakort láta þau fé ganga til góðra málefna. Að þessu sinni völdu þau Sjálfsbjörg Isf og lögðu inná reikning okkar kr. 300.000,- Um leið og við þökkum innilega fyrir þessa rausnarlegu gjöf sendum við þeim og öllum okkar velunnurum kærar kveðjur og óskir um frið og gleði á jólum.

### Útivistarhjólástólar

Söfnunarátak 365 ljósvakamiðla/Íslands í bítið/Bylgjunnar fór fram árið 2005 í samvinnu við Íþróttasamband fatlaðra. Markmiðið var að safna fyrir kaupum á útivistarhjólástólum sem staðsettir yrðu í hverjum landsfjórðungi. Söfnunin gekk vel og með góðri samvinnu við framleiðendur í Bandaríkjunum tókst að fá til landsins alls ellefu stóla. Hjólstólarnir opna nýja möguleika fyrir hreyfihamað fólk til útivistar. Tveir stólanna eru staðsettir hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Auk þess eru eftirtaldir aðilar með stóla, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Vestmannaeyja, Ísafjarðar, Þingeyinga og Austurlands. Endurhæfingarstöðin Bjarg Akureyri, Endurhæfingarvið Landsspítala Háskólasjúkrahúss, Grensási. Sambyli fjölfatlaðra á Vesturlandi. Enginn kostnaður er af afnotum á útivistarhjólástólunum.



Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar og Friðrik Sophusson forstjóri Landsvirkjunar.

## – Takk fyrir veittan stuðning –

Talnakönnun hf, Borgartúni 23  
Tandur hf, Hesthálsi 12  
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur, Laugavegi 163  
Tannlæknastofa Guðrúnar Ólafsdóttur, Snorrabraut 29  
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Pangbakka 8  
Teiknistofan Óðinstorgi verkfræðideild, Óðinsgötu 7  
Teiknivangur, teiknistofa, Kleppsmýrarvegi 8  
Teppaþjónusta E.I.G. ehf, Karfavogur 19  
Tjaldstæðið Laugardal, sími 568-6944, reykjavikcampsite.is  
Trésmiðja GKS ehf, Funahöfða 19  
Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3  
Tryggingamiðlun Íslands ehf, Siðumúla 21  
Tryggingastofnun ríkisins, Laugavegi 114  
Tölvar ehf, Siðumúla 1  
Umslag ehf, Lágmúla 5 (bakhús)  
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2  
Útivist og sport, Faxafeni 12  
Útkall ehf, Vesturhlíð 7  
V.E.R. Skiparáðgjöf ehf, Hverfisgötu 76  
V.R. Kringlunni 7  
VA arkitektar ehf, Skólavörðustíg 12  
Vagnsmiðjan - Húsvagnar ehf, Eldshöfða 21  
Varahlutaverslunin Kistufell ehf, Brautarholti 16  
VBS fjárfestingabanki hf, Suðurlandsbraut 18  
Veltubær, Skippholti 33  
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182  
Verðlistinn, Lauganesvegi 74a  
Verkfræðistofan Afí og Orka ehf, Hraunbergi 4  
Verkfræðipjónusta Guðmundar G. Þórarinssonar ehf, Rauðagerði 59  
Verkfærasalan ehf, Siðumúla 11  
Vesturborg ehf, Ásfallagötu 19  
Vélar og verkfæri ehf, Skútuvogi 1c  
Vélsmiðjan Harka hf, Hamarshöfða 7  
Við og Við sf, Gyflaflöt 3  
Viðskiptahúsið ehf, Skúlagötu 17  
Víkuvagnar ehf, Dvergshöfða 27  
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20  
VT þjónustan, Esjugrund 18  
Völuskín ehf, Laugavegi 116  
Vörður Íslandstrygging, Sættúni 8  
Yogastöðin Heilsubót, Siðumúla 15  
Þ.G. verktakar ehf, Fossaleyni 16  
Þingvallaleið ehf, Skógarhlíð 10  
Þorskadalur ehf, Garðhúsum 12  
Þúsund þjalir ehf, umboðsskrifstofa listamanna, Urðarstíg 4  
Ögurvík hf, Týsgötu 1  
Örn Ágúst Guðmundsson, tannlæknir, Laugavegi 18a  
Öryggismiðstöð Íslands hf, Borgartúni 31

### SELTJARNARNES

Gróttá byggingaverktakar ehf, Lindarbraut 11  
Horn í horn ehf, parketlagirnir, Unnarbraut 24  
Ljósmyndastúdíó Péturs Péturssonar, Austurströnd 8  
Nesskip hf, Austurströnd 1  
Pylsusalan bæjarins beztu, Bollagörðum 11  
Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2  
Önn ehf, verkfræðistofa, Eiðistorgi 15

### KÓPAVOGUR

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18  
Alur blikksmiðja ehf, Smiðjuvegi 58  
Atlantsskip ehf, Vesturvör 29  
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf, Smiðjuvegi 22  
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf, Skemmuvegi 34  
Bilamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46e  
Bilavottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2

Blikksmiðjan Vík ehf, Skemmuvegi 42  
Blinrabókasafn Íslands, Digranesvegi 5  
Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a  
Bókun sf endurskoðun, Hamraborg 1  
DK Hugbúnaður ehf, Hlíðasmára 17  
Einar Beinteins ehf - Dúklagningameistari, Grófarsmára 8  
ES rafverktakar ehf, Litlahjalla 1  
Félagsþjónusta Kópavogs, Fannborg 4  
Fjölvirki ehf, Digranesvegi 32  
Freyðing ehf, Kórsölum 1  
Goddí ehf, Auðbrekku 19  
Gunnar Örn - málningarþjónusta, Hlíðarhjalla 57  
Gæðaflutningar ehf, Hvannhólma 12  
Hellur og garðar ehf, Kjarrhólma 34  
Hexa ehf, Smiðjuvegi 10  
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktak, Daltúni 1  
Iðnprent ehf, Akralind 7  
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a  
Járnsmiðja Óðins ehf, Smiðjuvegi 4b  
JÓ Iagnir sf, Askalind 8  
Jón Eldon múrari  
K.J. hönnun ehf, Bæjarlind 14-16  
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg  
KB Ráðgjöf, Hlíðasmára 17  
Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda  
Ljósavakinn ehf, Vesturvör 30b  
Lögmannsstofa SS ehf, Hamraborg 10  
Móly, hannyrðaverslun, Hamraborg 7  
Rafax ehf, Fífuhjalla 1  
Rafgeisli ehf, Hamraborg 1-3  
Rafvörur ehf, Dalvegi 16c  
Reynir bakari, Dalvegi 4  
S. Helgason ehf, Skemmuvegi 48  
Smárinn - Breiðablik, Dalsmára 5  
Stálbær ehf, Smiðjuvegi 9a  
Stáliðjan, Smiðjuvegi 5  
Strókur ehf, Dimmuhvarfi 27  
Svansprent ehf, Auðbrekku 12  
Söluturninn Smári, Dalsvegi 16c  
Tannsmiðastofan sf, Hlíðasmára 9  
Tekk ehf vöruhús - Company, Bæjarlind 14-16  
Timbur og stál ehf, Smiðjuvegi 11  
Tónlistarskóli Kópavogs, Hamraborg 6  
Uppdæling ehf, Bakkabraut 2  
Vatnsvirkjar ehf, almenn pípuhögn og þjónusta, Háulind 26  
Vegurinn, Smiðjuvegi 5  
Vetrarsól, Askalind 4  
Vélvangur ehf, Nýbýlavegi 22  
www.mannval.is  
Ömmubakstur ehf, Kársnesbraut 96

### GARÐABÆR

Árvík hf, Garðatorgi 3  
Ásgeir Einarsson ehf, Garðaflöt 37  
Garðabær, Garðatorgi 7  
Garðafell ehf, Hörgslundi 5  
Garðaflog ehf, Holtsbúð 43  
Garðasókn, Kirkjuholvi  
Hafnasandur sf, Birkiási 36  
Haraldur Böðvarsson og co ehf, Birkihæð 1  
Héðinn Schindler lyftur hf, Lyngási 8  
Húsgögn ehf smiðastofa og viðgerðir, Gilsbúð 3  
Latibær ehf, Miðhrauni 4  
Loftorka Reykjavík hf, verktaki, Miðhrauni 10  
Marel hf, Austurhrauni 9  
MD vélar ehf, Stórási 4  
Nylonhúðun ehf, Lyngási 8  
Uppfylling ehf, Hofslundi 1

Vefur ehf, heildverslun, Hagafliót 2  
Verkhönnun - Tæknisalan ehf, Kirkjulundi 13  
Verslunin 10 - 11, Lyngási 17

### HAFNARFJÖRÐUR

Ás, fasteignasala ehf, Fjarðargötu 17  
Batterið ehf, Trönuhrauni 1  
Bergsteinn hf, Skútuhrauni 2a  
Betri stofan auglýsingahús ehf, Fornubúðum 8  
Blátún ehf, Grandatröð 4  
Byggingafélagið Kambur ehf, Hólshrauni 2  
Byggingafélagið Sandfell ehf, Reykjavíkurvegi 66  
Dverghamrar ehf, Lækjarbergi 46  
Fínþúsning ehf, Rauðhellu 13  
Fjarðarkaup ehf, Hólshrauni 1  
Fjarðarmót ehf, Bæjarhrauni 8  
Fjörukráin - Hótel Víking, Strandgötu 55  
G.S. múrverk ehf, Hvassabergi 4  
Gaflarar ehf Rafverktakar, Lónsbraut 2  
Geymslusvæðið ehf, Hraungörðum  
H. Jacobsen, Reykjavíkurvegi 66  
Heiðar Jónsson, járnsmiði, Skútahrauni 9  
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Hringhellu 6  
Hrafnistuheimilin  
Hvalur hf Hafnarfirði  
Höfn öldrunarmiðstöð, Sólvangsvægi 1  
Ísfell ehf, Öseyrarbraut 28  
Kerfi ehf, Flatarauni 5b  
Krossborg ehf, Stekkjarhvammi 12  
Meta-Járnsmiði ehf, Dalshrauni 16  
Netagerð Jóns Holbergssonar ehf, Hjallahrauni 11  
Nýsir hf, Reykjavíkurvegi 74  
Rafholt ehf, Blómvöllum 6  
Raftaki ehf, Efstuhlíð 4  
Snittvélin ehf, Brekkutröð 3  
Spennubreytar, Trönuhrauni 5  
Steypastúl ehf, Drangahrauni 4  
Suzuki umboðið ehf, Kapalhrauni 1  
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf, Reykjavíkurvegi 60  
Trésmiðaverkstæði Jóns Rafns ehf, Miðvangi 95  
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64  
Verkþjónusta Kristjáns ehf, Reykjavíkurvegi 68  
Vélaverkstæði Jóhanns Ólafssonar ehf, Reykjavíkurvegi 70

### BESSASTAÐAHREPPUR

Café Bleu, Smáratún 4  
Járnbrá ehf, Blikastíg 6

### REYKJANESBÆR

Ásmundur Sigurðsson, vélsmiðja, Grænás 2  
DMM Lausnir ehf, lðavöllum 9b  
Efnalaug Suðurnesja - BK-hreinsun ehf, lðavöllum 11b  
ESSE ehf, Stekkjargötu 51  
Fasteignasalan Ásberg ehf, Hafnargötu 27  
Fitjavík ehf, Fitjum  
Fjölbautaskóli Suðurnesja, Sannubraut 36  
Grágás, prentsmiðja, Smiðjuvöllum 6  
Hellur og Steinar ehf, Vesturbraut 10  
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36  
Hjalti Guðmundsson ehf, lðavöllum 1  
Hlévangur, dvalarheimili Keflavíkur, Faxabraut 13  
Íslenska félagið ehf, lðavelli 7a  
Ístek ehf, Hólagötu 31  
Kaffitár, Stapabraut 7  
Nesraf ehf, Grófin 18a  
Plastgerð Suðurnesja ehf, Framnesvegi 21  
Rafiðn ehf, Víkurbraut 1  
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12

Valdimar Leó Friðriksson,  
alþingismaður, um bann við leggja í stæði fatlaðra án heimildar:

# Sektin á að vera það há, að sá sem leggur í stæðið, geri það ekki aftur

Í lok þinghalds Alþingis í mars 2007 var samþykkt breyting á umferðarlögum varðandi viðurlög við því að leggja í stæði fatlaðra án heimildar. Við þessa breytingu verður hægt að sekta hvern þann sem leggur í slíkt stæði og á ekki rétt á því. Valdimar Leó Friðriksson fór fyrir hópi þingmanna stjórnarandstöðunnar og var fyrsti flutningsmaður:

„Ástæðan fyrir því að ég fór að vinna í þessu máli var bæði að ég hef alltaf haft áhuga á málefnum fatlaðra og vann í ellefu ár á samþýli fyrir fatlað fólk og einnig hafði ég starfað í Mosfellsbæ með Hönnu Maríu Kristleifsdóttur, en við kynntumst þegar ég var að vinna fyrir Aftureldingu í Íþróttahúsinu og hún fyrir Íþróttamiðstöðina. Hanna María þarf á sérstæði að halda og var stundum að kvarta yfir því að þegar hún kæmi að Íþróttahúsinu væri búið að leggja í stæðið sem merkt er fötludum. Við þetta má bæta að ég hafði oft heyrt hjá fötludum að þegar flestir eru í stóru verslunarmiðstöðvunum þá verði þeir oftast en ekki að snúa frá vegna þess að búið er að leggja í stæðin sem merkt eru þeim. Er fáránlegt að hugsa til þess að ófatlaðir séu að hindra aðkomu fatlaðra á þennan hátt.“

Í framhaldi af reynslu sinni og vitneskju fór Valdimar að skoða lögin og sá að það var ekkert skýrt refsíákvæði í lögnum gagnvart því að leggja í stæði fatlaðra: „Í Reykja-

vík er stundum lagt á viðbótarstöðugjald fyrir að leggja í stæði fatlaðra, en ég vildi hafa það skýrt í lögnum að bannað er fyrir þá sem ekki þurfa á að halda að leggja í sérmerkt stæði fatlaðra og að heimilt sé að sekta þá sem það gera. Eftir að breytingin við umferðarlögin hefur nú verið samþykkt þá er það aðeins spurningin hver sektin verður fyrir að leggja í þessi stæði. Persónulega vil ég að hún verði 30000 krónur, þannig að þeir sem leggja í stæðin finni fyrir því og geri það ekki aftur. Enda er aðalatriðið með þessari lagabreytingu að fæla frá og vonandi fá fatlaðir að hafa stæði sín í friði hér eftir. Ekki hefur vantað að stæðin eru vel merkt, en á einhvern óskiljanlegan hátt geta sumir ekki séð þau í friði.“

Það er ekki oft sem frumvörp stjórnarandstöðunnar fara fljótt í gegnum alþingi með samþykki stjórnarliða: „Ég held að það hafi liðið um það bil tuttugu mínútur frá því að breytingar á umferðarlögnum voru lagðar fram þar til þær voru samþykktar. Voru allir þingmenn samþykki breytingunum að undanskildum fjórum sjálfstæðismönnum sem sátu hjá.“


Valdimar Leó hefur haft afskipti af málum fatlaðra á öðrum vettvangi, en hann

er í stjórn SFR, stéttarfélags í almannatjónustu, þar sem hann hefur með öðrum unnið að tillögu um að bæta aðgang fatlaðra að félaginu, bæði að þjónustunni og þeim eignum sem félagið á, til dæmis sumarbústöðum. „Tillaga þessi er í framtíðarstefnumótun félagsins. Það er oft þegar áætlanir eru gerðar að eitthvað eitt er gert til að auðvelda fötludum, eitt bílastæði, eitt klósett og einn sumarbústaður, en það gleymist að ófatlaður fær stundum fatlaðan í heimsókn í sumarbústað sem hann leigir og meðal annars er hugmyndin með tillögunni að bæta aðgengi fatlaðra við alla sumarbústaði félagsins sem og að öll þjónusta verði hugsuð þannig að fatlaðir verði ekki útundan. Mín skoðun er sú að með því að koma málefnum fatlaðra sem víðast að, þá síast alltaf eitthvað inn sem gagn er að, en bæði í umferðarlögum og reglum stéttarféлага er ýmislegt sem betur má fara, þegar hagsmunir fatlaðra eru hafðir í huga.“

**Valdimar Leó Friðriksson, alþingismaður:**  
„Aðalatriðið með lagabreytingunni er að fæla þá frá sem ekki eiga rétt á stæði.“



– Takk fyrir veittan stuðning –





Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans afhendir Önnu Guðrúnu Sigurðardóttur, sem er í framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar, styrk upp á 1 milljón krónur.

# Landsbankinn styrkir Sjálfsbjörg

Sjálfsbjörg Isf var meðal 75 góðra málefna þegar Landsbankinn úthlutaði styrkjum úr Menningarsjóði Landsbankans, og fékk Sjálfsbjörg eina milljón í sinn hlut.

Þjónustan Leggðu góðu málefni lið er sú fyrsta og eina sinnar tegundar hér á landi. Það sem gerir hana sérstaka er að á einum stað fæst yfirsýn yfir 75 góðgerðarfélög og hægt er að velja um mánaðarlegan stuðning eða staka greiðslu. Úthlutun Menningarsjóðs Landsbankans til málefna 75 fór fram sama dag og Landsbankinn gaf út veglegt blað sem dreift er á hvert heimili í landinu. Þar er sögð saga tólf einstaklinga sem glíma við erfiðleika í lífi sínu, hver á sinn hátt.

Landsbankinn opnaði þjónustuna Leggðu góðu málefni lið í Einkabankanum 1. júlí á síðasta ári í tilefni af 120 ára afmæli bankans. Síðan þá hafa hundruð Íslendinga gerst áskrifendur að góðu málefni. Það er von bankans að sérstakt framlag sjóðsins nú verði landsmönnum hvatning til að finna svigrúm fyrir góð málefni í heimilisbókhaldinu. Það verði ekki svo

frábrugðið því að greiða af húsinu eða bílnum og fyrir rafmagn og hita.

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans og formaður stjórnar Menningarsjóðs Landsbankans, segir markmiðið með úthlutuninni og útgáfu blaðsins að vekja athygli á því hversu auðvelt það getur verið að leggja góðu málefni lið.

„Landsbankinn vill ganga á undan með góðu fordæmi og styrkir því öll málefni í þjónustunni, 75 að tölu. Við gerum ekki upp á milli þeirra en fólk sem notar þjónustuna getur hins vegar valið sér áskrift að því málefni sem því er kærast. Leggðu góðu málefni lið er einstakt framtak og þekki ég ekki dæmi um sambærilega þjónustu í alþjóðlegum bankaheimi,“ sagði Björgólfur sem afhenti hverjum fulltrúa hinna 75 góðu málefna ávísun að upphæð ein milljón króna við háttíðlega athöfn í Iðnó.

## Leggðu góðu málefni lið

Leggðu góðu málefni lið er þýðingarmikil þjónusta í Einkabanka og Fyr-

irtækjabanka Landsbankans. Þjónustan gerir öllum viðskiptavinum Landsbankans kleift að leggja sitt af mörkum til samfélagsins á einfaldan og þægilegan hátt.

Hægt er að velja úr 75 góðgerðarfélögum og málefnum í Leggðu góðu málefni lið. Þú velur einfaldlega styrkupp hæðina og yfir hversu langt tímabil þú vilt styrkja málefnið. Hver króna skilar sér til góðgerðarfélaganna og notendur bera engan kostnað við stuðning sinn. Með einfaldri aðgerð er svo hægt að hætta stuðningi ef svo ber undir.

Fyrst um sinn verða eingöngu góðgerðar- og mannúðarmálefni í þjónustu Landsbankans á Einkabankanum og Fyrirtækjabankanum. Landsbankinn áskilur sér rétt til að velja hvaða málefni fá aðgang að þjónustunni. Val góðgerðarfélaga í þjónustuna er ekki bundið viðskiptum við Landsbankann.

Á vefsvæðinu [www.gottmalefni.is](http://www.gottmalefni.is) eru allar upplýsingar um þjónustuna Leggðu góðu málefni lið. Þar eru einnig viðtöl í fullri lengd við þá tólf einstaklinga sem segja sögu sína í sérblaði Landsbankans.

# Baráttumál er og verður aðgengi fatlaðra að byggingum, umhverfi, tækjum og upplýsingasamfélaginu

Ragnar Gunnar Þórhallsson hefur verið formaður Sjálfsbjargar Isf frá árinu 2004 og hefur á þeim tíma látið mikið til sín taka í málefnum fatlaðra. Hann hefur ákveðnar hugmyndir um hlutverk Sjálfsbjargar í samfélaginu og leggur áherslu á að baráttu- og hagsmunamál verði sett á oddinn. Í spjalli við Ragnar Gunnar lýsir hann þessum hugmyndum sínum og er hann fyrst spurður hvernig hann sjái fyrir sér hlutverk samtakanna í framtíðinni.

„Hin ýmsu samtök fatlaðra og sjúklinga hér á landi hafa sett sér ólík markmið með starfsemi sinni í gegnum tíðina og þróast á mismunandi hátt. Sum reka heilbrigðis-, endurhæfingar- og félagsþjónustu af einhverju tagi, oft samkvæmt þjónustusamningum við ríki og sveitarfélög eða aðra aðila. Þessi samtök eru oftast en ekki frumkvöðlar og hafa dregið vagninn á sínu sviði í þeirri þjónustu sem þau veita. Önnur samtök eru fyrst og fremst baráttu- og hagsmunafélög, fulltrúar félagsmanna sinna gagnvart ýmsum aðilum. Það er þó ekki auðvelt að flokka öll samtök í annan hvorn flokkinn. Ég sé fyrir mér Sjálfsbjörg, landssambandið, í síðara hlutverkinu. Starfsemi Sjálfsbjargar hefur frá upphafi verið blönduð. Annarsvegar byggðum við fyrir 30 til 40 árum síðan og rekum nú Sjálfsbjargarhúsið með þeim búsetuúrræðum og þjónustu við fatlaða, einkum hreyfihlaða, sem þar er að finna. Hinsvegar höfum við verið að sinna baráttu- og hagsmunamálum, en dregið hefur úr kröftum okkar á því sviði undanfarin ár þar sem fasteignareksturinn og þjónustan í húsinu hefur beint og óbeint dregið til sín alla okkar fjármuni og starfskrafta og rúmlega það. Hugmyndir eru um að Sjálfsbjörg dragi úr fasteignarekstri, hætti rekstri félagslegra leiguíbúðanna í Sjálfsbjargarhúsinu og jafnvel selji húsið í tengslum við stefnumörkun Sjálfsbjargarheimilisins, sem vill þróa og flytja starfsemi sína úr húsinu. Ég vil samt geta þess að reksturinn í Sjálfsbjargarhúsinu er nú að mestu aðskilinn hvað varðar Sjálfsbjargarheim-

ilið annarsvegar og hinsvegar Sjálfsbjörg, landssambandið, en það er eigandi nær alls Sjálfsbjargarhússins.“

## Breytt viðhorf

Kröfur fatlaðra í dag eru um jafnrétti á öllum sviðum og Ragnar segir mikið hafa verið að gerast þeim málum á síðustu misserum og Sjálfsbjörg hafi fullan hug á að vera þátttakandi í þeirri þróun: „Sjálfsbjörg hefur ekki verið samtök einstaklinga með tiltekna fötlun eða sjúkdóma heldur starfað á breiðari grundvelli sem vettvangur fólks með hreyfihömlun í viðum skilningi þessi orðs. Sjálfsbjörg getur haft ærin verkefni í því hlutverki að vera málsvari og hagsmunasamtök. Kröfur fatlaðra í dag eru kröfur um þátttöku, jafnrétti, jafnræði, réttindi og skyldur í samfélaginu sem fullgildir borgarar, en ekki fólk sem gerir eingöngu kröfur um að komast af sem jadarhópur eins og ýmsir vilja enn skilgreina fatlaða, með takmörkuð réttindi og skyldur. Hugmyndafræði fatlaðra byggir nú á viðhorfum sem fjölmargir aðilar á ýmsum sviðum hafa verið að setja fram, ekki síst fatlaðir sjálfir. Má þar nefna t.d. EDF (European Disability Forum), regnhlífarsamtök fatlaðra í Evrópu, nýjan sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, nýja fræðigrein fötlunarfræðina, nýlega stefnumótun félagsmálaráðuneytisins um þjónustu við fötluð börn og fullorðna 2007–2016 og þannig má lengi telja. Hér á landi finnst mér ýmis félög fólks með geðraskanir og Landssamtökin Proska-hjálp hafa verið duglegust við að fylgjast

með tímanum í málefnum fatlaðra og að skilgreina hlutverk samtaka þeirra. Þá er ég að tala um þá grunnhugmyndafræði sem þessir aðilar starfa eftir.

Í grunninn finnst mér hlutverk Sjálfsbjargar eiga að vera að þróa og móta þau viðhorf, orð og gerðir, sem við viljum að allir í samfélaginu viðhafi í málefnum fatlaðra. Þetta varðar auðvitað allar meginstoðir samfélagsins svo sem verkefni velferðarkerfisins, menntakerfisins, vinnumarkaðinn, byggingarumhverfið o.s.frv. Við eigum að vera samtök fatlaðra og málsvari þeirra, kannski með líkum hætti og launþegahreyfingin er gagnvart sínum félagsmönnum þó að sú samlíking eigi ekki við á öllum sviðum. Við eigum að vera samtök notenda þeirrar þjónustu sem velferðarkerfið veitir. Í því sambandi er krafa dagsins að meira samráð sé haft við samtök fatlaðra um þjónustu við þá og notendaráð fatlaðra starfi í rekstrarumhverfi velferðarkerfisins. Sem dæmi um notendaráð vil ég nefna að Þjónustumiðstöð velferðarsviðs Reykjavíkur í Laugardal, sem sérhæfir sig í málefnum fatlaðra, hefur ákveðið að koma upp slíku notendaráði, ráðgjafateymi, með þátttöku samtaka fatlaðra til að vera vettvangur þróunar þeirrar félagslegru þjónustu sem borgin veitir fötluðum. Við eigum að þjónusta fatlaða sjálfa, félagsmenn Sjálfsbjargar, og styðja í samskiptum við ýmsa aðila þegar þeir eru að ná réttindum sínum eða sinna skyldum vegna þátttöku í samfélaginu. Við eigum að stuðla að og taka þátt í rannsóknum sem greina stöðu fatlaðra í samfélaginu, veita fötluðum ráðgjöf og fylgjast með framkvæmd þjónustu við fatlaða og réttindum þeirra.

Eitt aðalbaráttumál Sjálfsbjargar er og verður án efa áfram aðgengismálin, aðgengi fatlaðra að byggingum, umhverfi, tækjum og upplýsingasamfélaginu. Félagslega sjónarhornið á fötlun skilgreinir skort á aðgengi fyrir alla sem hindrun er skapar fötlun. Við eigum að





**Ragnar Gunnar Þórhallsson:**  
„Kröfur fatlaðra í dag eru kröfur um þátttöku, jafnrétti, jafnræði, réttindi og skyldur í samfélaginu sem fullgildir borgarar.“

taka þátt í frumkvöðlaverkefnum og stuðla að nýjungum og framförum. Á sínum tíma tókum við þátt í stofnun Hjálparartækjabankans af brýnni þörf og komum að málum þegar ferðapjónusta fatlaðra varð til, en þetta er ekki rekstur sem við eigum aðild að í dag enda ekki þörf á.“

### **Tillögur sem varða hag 14000 einstaklinga**

Ragnar Gunnar var í nefnd á vegum forsætisráðneytisins sem nýlega skil-

aði skýrslu með tillögum um breytt fyrirkomulag örorkumats og starfsendurhæfingu: „Nefndin var skipuð í framhaldi af samkomulagi ASÍ og Samtaka atvinnulífsins í nóvember 2005 um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Ekki var gert ráð fyrir því að fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands yrði í nefndinni í upphafi, en það varð raunin eftir að ÖBÍ fór fram á það að samráð væri haft við heildarsamtök fatlaðra. Þessar tillögur varða beint hag 14000 einstaklinga með örorkumat. Þeg-

ar svo róttækar tillögur eru gerðar er algjörlega nauðsynlegt og skýlaus krafa að haft sé samráð við samtök fatlaðra. Og þá er ekki síður mikilvægt að þau hafi getu og bolmagn til að taka þátt í því samráði og ástunda vönduð vinnubrögð. Ég vil einmitt vinna að því að staða, þ.m.t. fjárhagslega staða, og hlutverk Sjálfsbjargar verði á þann veg að samtökin geti verið kröftugur, traustur og trúverðugur þátttakandi í slíku verkefni.“

## Ekki fædd í gær!



Hjá okkur getur þú treyst á áratuga reynslu og þekkingu í fasteignaviðskiptum.

Ábyrg þjónusta • örugg viðskipti

**EIGNAMIDLUN**  
Siðumúla 21 • sími 588 90 90 • [www.eignamidlun.is](http://www.eignamidlun.is)

600 manns sóttu ráðstefnuna

## Mótum framtíð



Á myndinni má sjá tvo þekktu baráttumenn Ewald Krogh sem hefur lifað með aðstoð öndunarvélar í mörg ár og stutt MND félagið á Íslandi í baráttu sinni fyrir að fá öndunarvelþjónustu. Til hægri er svo formaður MND félagsins Guðjón Sigurðsson.

# Verkefni, rannsóknir og áætlanir sem varða félagslega þjónustu

Á vegum félagsmálaráðuneytisins var haldin viðamikil ráðstefna í sölu Nordica hótels dagana 29. og 30. mars. Yfirskrift ráðstefnunnar var Mótum framtíð – Stefnur og straumar í félagslegri þjónustu. Ráðstefnan sem var haldin í samvinnu við norrænu ráðherranefndina, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Rauða kross Íslands, Ís-Forsa og fjölmarga hagsmunaaðila sem láta sig varða félagslega þjónustu var vel sótt og er talið að um 600 manns hafi sótt hina fjölmörgu fyrirlestra sem í boði voru.

Markmiðið með ráðstefnunni var að koma á framfæri því sem efst er á baugi og nýstárlegast í félagslegri þjónustu á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Upplýsingum var miðlað um verkefni, rannsóknir og áætlanir sem varða félagslega þjónustu og skapaður fjölbreyttur vettvangur upplýsinga um reynslu, þróun og nýjar hugmyndir fyrir þá sem tengjast eða hafa áhuga á félagslegri þjónustu. Kynntar voru góðar fyrirmyndir í þjónustunni, þróunarverkefni í mótun og gerð var grein fyrir niðurstöðum ýmissa rannsókna á þessu sviði og ný stefna félagsmálaráðuneytisins í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna kynnt og gátu ráð-

stefnugestir fengið afhentan bækling sem innihélt helstu þætti stefnunnar.

Meðal þess sem gerðist á ráðstefnunni var að Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, tilkynntu að ríkisstjórnin hefði ákveðið að koma á tilraunaverkefni til tveggja ára um notendastýrða þjónustu fyrir fjóra til sex einstaklinga sem þurfa á öndunarvelþjónustu að halda. Þessi þjónusta kemur til með að gerbreyta lífi fatlaðra sem þurfa á öndunarvelþjónustu að halda. Þeir fá aðstoð til að búa heima með flókinn tæknibúnað.

Fyrirlestrar voru fjölbreyttir í fimm



Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar var einn af fyrirlesurum á ráðstefnunni og ræddi hann málefni Sjálfsbjargar og framtíðarhlutverk samtakanna.



Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar hélt fyrirlestur um Nýjar áherslur í atvinnu- málum fatlaðs fólks og öryrkja sem margir komu til að hlýða á.

málstofum fyrri ráðstefnudaginn og sex málstofum þann síðari. Þátttakendur gátu því valið úr margvíslegu efni til að hlýða á og taka þátt í umræðum að þeim loknum. Í hléum var tónlist leikin og í boði aðrir listræningar viðburðir. Að lokinni dagskrá föstudagsins var móttaka í boði Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra. Á opnunni má sjá svipmyndir frá ráðstefnunni.



Ánægðir ráðstefnugestir koma út úr einni málstofunni.

## – Takk fyrir veittan stuðning –

Skipting ehf, Grófinni 19  
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14  
Teppahreinsun Suðurnesja, Iðavöllum 3  
Tjarnartorg, Norðurvöllum 32  
Toyotasalurinn, Njarðarbraut 19  
Tæknivík ehf, Grófinni 14b  
Varmamót ehf, Framnesvegi 19  
Verkfræðistofa Njarðvíkur, Brekkustíg 39  
Verkfræðistofa Suðurnesja hf, Víkurbraut 13  
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14  
Vökvatengi ehf, Fitjabraut 2  
www.ork.is, Fristundar og heilsárshús

### KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR ▼

Suðurflug ehf, Keflavíkflugvelli  
Eldhamar ehf, Borgarhrauni 8

### GRINDAVÍK ▼

Guðmundur L Pálsson, tannlæknir, Víkurbraut 62  
Gunnar Vilbergsson, Víkurbraut 46  
Helgasport ehf, Hafnargötu 28  
Selháls ehf, Ásabraut 12  
TG raf ehf, Hafnargötu 20  
Veidafærabjónustan ehf, Ægisgötu 3  
Visir hf, Hafnargötu 16  
Porbjörn hf, Hafnargötu 12

### SANDGERÐI ▼

Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8  
Kvenfélagið Hvöt

### GARÐUR ▼

Bókasafn Gerðahrepps, Garðbraut 90  
Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3  
Von ehf, Skagabraut 42

### MOSFELLSBÆR ▼

Byggingarfélagið Baula ehf, Arkarholti 19  
Dalsgarður ehf, Dalsgarði 1  
Dælutækni ehf, Spóahöfða 10  
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum  
Glertækni ehf, Völuteigi 21  
Kjósahreppur www.kjos.is  
Kvenfélag Kjósahrepps  
Reykjalundur - Endurhæfing, Reykjalundi  
Umbi sf, kvikmyndaeflag  
Varmáskóli  
Vélsmiðjan Orri ehf, Flugumýri 10

### AKRANES ▼

Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar, Dalbraut 6  
Bílver, bílaverkstæði ehf, Innnesvegi 1  
Byggðasafn Akraness, Görðum  
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 28  
GT Tækni ehf, Grundartanga  
Íslenska járnblendifélagið hf, Grundartanga  
Íþróttabandalag Akraness, Jaðarbökkum  
Runólfur Hallfreðsson ehf, Krókatúni 9  
Sjúkraþjálfun Georgs Janussonar, Kirkjubraut 28  
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2  
Stafna á milli ehf, Kirkjubraut 56  
Steðji ehf vélsmiðja, Vogabraut 28  
Straumnes ehf, rafverktakar, Krókatúni 22-24  
Verslunin Nína, Kirkjubraut 4  
Vélaeiga Halldórs Sigurðssonar ehf, Smiðjuvöllum 30

### BORGARNES ▼

Borgarbyggð, Borgarbraut 14  
Búvangur ehf, Brúarlandi  
Dvalarheimili aldrafra Borgarnesi, Borgarbraut 65

Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstaðir  
Félagsbúið Mófellsstöðum sf, Mófellsstöðum  
Loftorka Borgarnesi ehf, Engjaási 2-8  
Safnahús Borgarfjarðar, Bjarnarbraut 4-6  
Skorradalshreppur, Grund  
Sparisjóður Mýrasýslu, Digranesgötu 2  
Sæmundur Sigmundsson ehf, Kveldúlfsgötu 17  
UMÍS Umhverfisráðgjöf Ísl ehf, Þórðargötu 12  
Vélabær hf bíla- og búvélaverkstæði, Andakílshreppi  
Vélaverkstæði Kristjáns ehf, Brákarbraut 20

### STYKKISHÓLMUR ▼

Heimarnið ehf, Borgarbraut 1  
Máflutningsstofa Snæfellsness ehf, Aðalgötu 2  
Narfeyri ehf, Ásklifi 10  
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild, Sundabakka 1  
Sæfell ehf, Hafnargötu 9  
Tindur ehf, Hjallatanga 10

### GRUNDARFJÖRÐUR ▼

Berg - vélsmiðja ehf, Ártúni 4  
Hjálmar ehf, Hamrahlíð 1  
Hrannarbúðin sf, Hrannarstíg 5  
Lengjan ehf, Hrannarstíg 14

### ÓLAFSVÍK ▼

Grímsi ehf, Hjallabrekku 5  
Steinnunn ehf, Bankastræti 3  
Sverrisútgerðin ehf, Túnbrekku 16

### SNÆFELLSBÆR ▼

Litabúðin ehf, Ólafsbraut 55

### HELLISSANDUR ▼

Sjávariðjan Rifi hf, Hafnargötu 8  
Skarðsvík ehf, Munaðarhóli 10  
Útnes ehf, Háarífi 25

### REYKHÓLAHREPPUR ▼

Kolur ehf vinnuvélar og verktakar, Kinnarstöðum  
Reykhólahreppur, Reykhólum

### ÍSAFJÖRÐUR ▼

Bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðar, Eyrartúni  
Ferðabjónustan í Heydal, Mjóafjörður  
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum,  
Aðalstræti 24  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12  
Gamla bakarið ehf, Aðalstræti 24  
Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1  
Ísinn ehf, Sindragötu 13b  
Kjöler ehf, Urðarvegi 37  
Lögsýn ehf, Aðalstræti 24  
Stál og Hnífur ehf, Pósthólf 250  
Tréver sf, Hafraholti 34  
Útgerðarfélagið Öngull ehf, Engjavegi 28  
Vélsmiðja Ísafjarðar ehf, Sundahöfn

### BOLUNGARVÍK ▼

Bjarni Egils ehf, Höfðastígur 6  
Brún ehf, Móholti 6  
Djúpmar ehf, Völusteinsstræti 4  
Elías Ketilsson ehf, Þjóðólfsvegi 3  
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf,  
Hafnargötu 12  
Fjalla Eyvindur ehf, Móholti 8  
Glaður ehf, Traðarstíg 1  
Jakob Valgeir ehf, Grundarstíg 5  
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14  
Vélvirkinn sf, Hafnargötu 8

### SÚÐAVÍK ▼

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3  
Súðavíkurkirkja, Holtgötu 6

### PATREKSFJÖRÐUR ▼

Flakkarinn ehf, Brjánslæk  
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, Stekkum 1  
Vestri hf - Oddi, Eyrargötu

### TÁLKNAFJÖRÐUR ▼

Eik hf, trésmiðja, Strandgötu 37

### PINGEYRI ▼

Brautinn sf, Ketilsæyri

### HÓLMAVÍK ▼

Sparisjóður Strandamanna, Hafnarbraut 19

### KJÖRVOGUR ▼

Hótel Djúpvík ehf, Árneshreppi

### NORÐURFJÖRÐUR ▼

Árneshreppur, Norðurfirði

### HVAMMSTANGI ▼

Egill Gunnlaugsson, dýralæknir, Hvammstangabraut 26  
Selasetur Íslands ehf, Brekkugötu 2  
Stýrihópur um forvarnir Húnaþing vestra, Klapparstíg 4

### BLÖNDUÓS ▼

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Flúðabakka 2  
Lögmannsstofa Stefáns Ólafs ehf, Þverbraut 1  
Samstaða, skrifstofa verkalyðsfélaga, Þverholti 1

### SKAGASTRÖND ▼

Höfðahreppur, Túnbraut 1-3  
Kvenfélagið Hekla  
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf, Strandgötu 32  
Skagabyggð, Örylgsstöðum 11  
Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf, Mánabraut 2

### SAUÐÁRKRÓKUR ▼

Alblástur ehf, Forsæti 2a  
Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10  
Fríðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8  
Kaupfélag Skagafirðinga, Ártorgi 1  
K-Tak ehf, Borgartúni 1  
Steinnull hf, Skarðseyri 5  
Sveitarfélagið Skagafjörður, Faxatorgi 1  
Útgerðarfélagið Sæfari ehf, Hrauni  
Verkfræðistofan Stoð ehf, Aðalgötu 21

### VARMAHLÍÐ ▼

Akrahreppur Skagafirði  
Lambeyri ehf, Lambeyri

### HOFÓS ▼

Vesturfurasetrið, Suðurbraut 8

### SIGLUFJÖRÐUR ▼

Berg hf, byggingafélag, Norðurgötu 16  
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Hvanneyrarbraut 37-39  
Jóhannes Egilsson, Gránugata 27  
Siglufjarðarkirkja  
Skattstofa Norðurlands umdæmis, Túngötu 3  
SR-Vélaverkstæði hf, Vetrarbraut 12

### AKUREYRI ▼

Ferðaskrifstofa Akureyrar, Ráðhústorgi 3  
Akureyrarbær, Geislagötu 9

# Töluvert fjármagn þarf til að halda úti hjálparliðum

– segir Anna Guðrún Sigurðardóttir, formaður stjórnar Hjálparliðasjóðs Sjálfsbjargar Isf

Margir hreyfihamlaðir einstaklingar sem leggja í ferðalög, hvort sem er innanlands eða utan, geta ekki ferðast án aðstoðarmanns. Kostnaður ferðarinnar fyrir hinn hreyfihamlaða er því tvöfaldur. Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar, Isf, var stofnaður árið 1997 með það að markmiði að auðvelda hreyfihömluðum að ferðast. Anna Guðrún Sigurðardóttir er formaður stjórnar sjóðsins: „Í upphafi voru þrír í stjórn sjóðsins, tveir frá Sjálfsbjörg og einn frá Rauða krossinum og fékk sjóðurinn fimm milljóna króna stofnframlag frá Rauða krossinum og þótti því tilhlýðilegt að þeir ættu mann í stjórn sjóðsins. Rauði krossinn hefur síðan dregið sig úr sjóðnum og er hann nú eingöngu á vegum Sjálfsbjargar. Stjórn sjóðsins skipa nú þrír aðalfulltrúar, sem eru auk mín, Hanna Margrét Kristleifsdóttir og Grétar Pétur Geirsson og varamaður, Guðmundur Magnússon.

Við starfrækjum sjóðinn með það að meginmarkmiði að gera okkur kleyft að ferðast innanlands og utan og útvegum hjálparliða, sem eru á skrá hjá okkur, eða veitum styrk til hjálparliða sem sá hreyfihamlaði velur. Það er oft að þeir sem þurfa á hjálparliða að halda vilja hafa með sér einhvern sem tengist þeim vina- eða fjölskylduböndum. Það skal tekið fram að enginn fer sem hjálparliði nema hafa farið í gegnum námskeið og fræðslu hjá okkur þar sem farið er yfir réttindi fatlaðra, skyndihjálp og fleira sem hjálparliðinn þarf að kunna og vita. Starfið sjálft getur verið mjög mismunandi. Getur falist í að vera eingöngu hjálparliði á flugvöllum og gegnum tollskoðanir, en einnig að aðstoða við klæðnað, fara í stól og úr, það er misjafnt hvað einstaklingurinn þarf á mikilli aðstoð að halda.“

## Vill fjölga hjálparliðum

Anna Guðrún segist vilja fjölga hjálparliðum: „Við erum með hjálparliða á skrá sem eru tilbúnir í hjálparliðastafið þegar kallið kemur en við viljum gjarnan fjölga þeim og erum að fara af stað með átak í þeim efnum, erum sjálf með hugmyndir en viljum einnig fá hugmyndir frá

hjalparliðum, félagsmönnum og almenningi um það hvernig best er að efla það starf og finna nýjar fjárfunarleiðir. Á dagskrá hjá okkur er fundur í haust með hjálparliðum og verður þá farið yfir starfið og hvernig við högum því í framtíðinni. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að það verði tveir úthlutunardagar á ári, að sótt verði um styrk í sjóðinn fyrir 1. maí annarsvegar og 1. september hinsvegar. Við munum síðan úthluta eftir því fjármagni sem er í sjóðnum hverju sinni.“

tók land. Almenningsur studdi við bakið á Kjartani og við nutum góðs af. Sjóðurinn styrktist töluvert auk þess sem hann varð mun sýnilegri en áður hafði verið.“

## Þörfin er mikil

Anna Guðrún segir misjafnt hve margir fá úthlutun á ári: „Það er nú samt svo að hvort sem við getum úthlutað fáum eða mörgum þá erum við að berjast í bökum hvað varðar fjármagn en töluvert fjármagn þarf til að standa undir starfsemi



Róðrarferð  
Kjartans  
Hauksson í kringum  
landið til styrktar  
Hjálparliðasjóðs Sjálfsbjargar  
breytti miklu fyrir sjóðinn.

Það má segja að hljótt hafi verið um starf hjálparliða þar til Kjartan Hauksson, þaulvanur sjómaður, björgunarsveitarmaður og atvinnukafari tók sig til og reri einn í kringum landið til styrktar Hjálparliðasjóði Sjálfsbjargar, sagði markmið ferðarinnar að vekja athygli almennings á ólíkum möguleikum fatlaðra og ófatlaðra til ferðalaga: „Þetta var stórkostlegt framtak hjá Kjartani og kom okkur svo sannarlega til góða. Meðan á ferðinni stóð og eftir að Kjartan hafði lokið henni varð mikil umræða um hjálparliðastarfið og hversu nauðsynlegt væri að halda því úti. Við hjálpuðum Kjartani eftir fremsta megni, vorum með starfsmann sem sinnti honum auk þess sem sjálfbóðaliðar frá okkur tóku á móti honum þar sem hann

sjóðsins sem sýnir hversu þörfin er mikil. Ég vona að fatlaðir eigi eftir að ferðast meira í framtíðinni en þeir hafa gert og fá tækifæri til þess með hjálparliðum okkar og annarra sem vilja styðja við bakið á þeim. Þegar hreyfihamlaður ferðast þá er það ekki fargjald fyrir einn, það er fargjald fyrir tvo og þessi hópur er yfirleitt ekki það fjársterkur að hann geti staðið sjálfur undir ferðinni. Það kemur því til kasta okkar að hjálpa og ég vona svo sannarlega að sjóðurinn muni geta afgreitt allar beiðnir sem koma til okkar og fatlaðir hafi sömu möguleika á að ferðast og aðrir þjóðfélagsþegar.“

# Aðgengi og endurbætur eldra húsnæðis



Áður fyrr þegar reglurnar voru á þann veg að ekki þyrfti lyftur í blokkir sem voru 4 hæðir og minna hefur gert það að verkum að íbúðir á 4. hæð í slíkum blokkum eru verðminni en þær sem eru á neðstu hæðunum.

**B**órarinn Magnússon, verkfræðingur hjá Félagsbústöðum hf., samdi í fyrra skýrsluna *Staða aðgengismála á Norðurlöndum*. Þórarinn kynnti sér stöðu þessara mála í náms- og kynnisferð til Norðurlanda vorið 2006 og í lok skýrslunnar ber hann niðurstöður sínar við aðgengi eldra húsnæðis á Íslandi. Í formála skýrslunnar segir Þórarinn að umræða um aðgengismál sé nú mjög í brennidepli á Norðurlöndum og húsnæðisfélög láti þessi málefni sig æ meira varða. Skýrslan er mjög ítarleg og er aðeins hér farið ofan í niðurstöður Þórarins frá Norðurlandaferðinni og samanburði við íslenskar aðstæður.

Í niðurstöðum segir að hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum fari nú fram mikil og vaxandi umræða um aðgengi að eldra íbúðarhúsnæði og að umræðan tengist mjög umræðunni um húsnæðismál aldradra og öryrkja og annarra hópa með sérþarfir.

Í löndunum er gríðarlegur fjöldi af íbúðum í fjölbýlishúsum sem eru 3–4 hæðir eða meir og hafa ekki lyftu og skortir einnig ýmislegt annað sem nauðsynlegt er til að aðgengi geti talist viðunandi.

Þannig er talið að í Svíþjóð þurfi að setja lyftur í 75.000 stigaganga, í Noregi er þessi tala 40.000 og í Danmörku um 60.000. Þetta er gríðarlegt viðfangsefni og verður ekki leyst á skömmum tíma. Í öllum löndunum er hins vegar hafin markviss vinna við að takast á við vandann.

Finnar hafa gengið lengst í að leysa vandamálin en þar hóf ríkið fyrir fáum árum að styrkja lyftuframkvæmdir sem nemur 50% af heildarkostnaði framkvæmdar og sveitarfélög þar í landi veita 10–15% styrk til viðbótar. Þetta hefur orðið til þess að mikið fjör hefur færst í lyftuframkvæmdir og aðrar aðgerðir til að bæta aðgengi á undanförunum árum. Þá má einnig nefna Hamar í Noregi, sem er 25.000 manna sveitarfélag. Þar hafa

eldhugar á síðustu 10 árum staðið fyrir uppsetningu á um 120 lyftum, með og án styrkja. Þessar lyftur þjóna nú um 1600 íbúðum.

## Staðan á Íslandi

Í kaflanaum *Staða Íslands* segir Þórarinn að þegar hann miði við önnur Norðurlönd kemur í ljós að bein fjárframlög opinberra aðila til að bæta aðgengi í eldra húsnæði eru lítil sem engin. Lyftustyrkir þekkjast ekki og nær engin dæmi munu vera um framlög til einstakra aðgerða innan íbúða.

„Hér þarf að verða breyting á og ef litið er til reynslu frænda okkar á Norðurlöndum er nauðsynlegt að sem allra fyrst verði gripið til aðgerða til að flýta fyrir þróun mála. Hér er lagt til að þær aðgerðir feli m.a. í sér eftirfarandi:

**Ástandskannanir.** Gera þarf ítarlega úttekt á ástandi íbúðarhúsnæðis m.t.t. aðgengis. Í upphafi er rétt að leggja áherslu á fjölbýlishúsin en síðar meir er

á hugavert að kanna einnig stöðuna í öðrum tegundum húsnæðis. Mikilvægt er að slík skráning og niðurstöður verði gert aðgengilegt fyrir alla þá sem áhuga hafa og þess óska.

**Framkvæmdaáætlun.** Á grundvelli kannana þarf að setja markmið og gera raunhæfar áætlanir til lengri og skemmri tíma um til hvaða aðgerða þurfi að grípa og hvernig þeim verði hægt að hrinda í framkvæmd.

**Aðgerðir innan íbúða.** Árlega veiti opinberir aðilar ákveðna upphæð til slíkra framkvæmda. Styrkir til einstakra framkvæmda geti í upphafi numið allt að 50% af heildarkostnaði. Til frambúðar verði um lögbundin fjárframlög að ræða án þaks á heildarútgjöldum.

**Lyftustyrkir o.fl.** Hér verði einnig í upphafi um að ræða ákveðna árlega fjárveitingu til að setja upp lyftur svo og til annarra aðgerða svo sem varð-

andi aðkomu að húsi og lyftu og innan sameignar. Síðar verði framlög til slíkra aðgerða lögbundin og án heildarþaks og verði ekki lægri en 50% af framkvæmdarkostnaði.

**Lánveitingar frá Íbúðalánasjóði.** Íbúðalánasjóður veiti hagstæð lán til framkvæmda sem tryggja bætt aðgengi að eldra húsnæði.

**Frávik frá byggingareglugerð.** Veittar verði vissar undanþágur frá gildandi reglugerð þegar um er að ræða að bæta aðgengi að eldra húsnæði. Í því sambandi verði tekið mið af reynslu Dana og annarra Norðurlandþjóða varðandi þetta atriði.

**Skipulagsmál – þétting byggðar.** Opnað verði fyrir þann möguleika að í tengslum við uppsetningu á lyftum í eldri hús (e.t.v. ásamt öðrum aðgerðum til að bæta aðgengi) verði leyft að bæta hæð ofan á viðkomandi fjölbýlishús. Með því

móti er oft auðveldara að tryggja heildarmynd húss útlitslega eftir stækkun og viðbyggingu lyftuhúss. Auk þess getur það að hluta til tryggt endanlega fjármögnun lyftuframkvæmdanna.

Lög og reglugerðir. Í skipulagslögum og byggingareglugerð þurfa að vera ítarleg ákvæði um ýmislegt sem nauðsynlegt er til að tryggt verði gott aðgengi fyrir alla að því íbúðarhúsnæði sem byggt er. Þar þarf t.d. að vera ákvæði um að í öll fjölbýlishús sem eru yfir 2 hæðir skuli setja lyftur.

Verði framangreindar hugmyndir að veruleika opnast möguleikar á að hafist verði handa við margvíslegar aðgerðir til að bæta aðgengi íbúa að íbúðum í eldra húsnæði á Íslandi. Slíkt er ekki aðeins þjóðfélagslega hagkvæmt heldur tryggir það einnig bætt lífsskilyrði og aukin lífsgæði allra þeirra einstaklinga sem njóta munu góðs af slíkum aðgerðum.“

## Lyftu þér upp

- Lyftibúnaður sem auðveldar þér að standa upp
- Einfaldar stillingar
- Falleg hönnun
- Fjölbreytt úrval



## Við leggjum þér lið

Úrval af rafskutlum og hægindastólum með rafknúinni lyftu



- Snúningssæti
- Mismunandi hraðastillingar
- Nota má jafnt innan- sem utandyra
- Einfaldar og öruggar

Komdu og prófaðu – möguleikarnir munu koma þér skemmtilega á óvart.

Persónuleg þjónusta og fagleg ráðgjöf  
Opíð 9-18 alla virka daga.

Eirberg

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • sími 569 3100 • eirberg@eirberg.is • www.eirberg.is





## Íslandsleikar SO í knattspyrnu

Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu fóru fram í Reykjaneshöll 1. apríl. s.l. Framkvæmd leikanna var samvinnuverkefni Íþróttasambands fatlaðra, KSÍ og íþróttafélagsins Ness í Reykjaneshöll. Glitnir sem er aðalstyrktaraðili Special Olympics á Íslandi gaf öllum keppendum boli og gaf verðlaun á mótinu sem veitt



voru af fulltrúa KSÍ, Frey Sverrissyni. Special Olympics á Íslandi hlaut í ár grasrótarverðlaun UEFA og KSÍ en verðlaunin voru m.a. boltar sem keppendum voru afhentir á mótinu. Þjálfari og tveir liðsmenn meistaraflokks Keflavíkur í knattspyrnu sáu um upphitun keppenda og dómáramur frá KSÍ sáu um dómgæslu. Að leik loknum bauð Íþróttafélagið Nes keppendum í pizzuveislu og voru móttökur í Reykjaneshöll á alla staði frábærar.

# Við höfum stutt Íslendinga

í **25** ár

**STOB**  
1982-2007

# Mörg lítil atriði skipta máli þegar kemur að aðgengi fyrir fatlaða

Í Háskólanum í Reykjavík er gott aðgengi innan húss sem utan, ekki síður fyrir fatlaða en aðra. Markmið skólans hefur alltaf verið að allir séu jafnir þegar kemur að aðgengi. Í þeim þremur byggingum sem skólinn hefur yfir að ráða hefur verið kappkostað að allir sitji við sama borð hvað það varðar. Byggingarnar eru að vísu misvel fallnar til slíks. Aðalbyggingin við Ofanleiti 2 getur státað að því að vera með eitt besta aðgengi skóla á landinu. Húsnæðið við Höfðabakka 9 þar sem Tækniháskólinn var áður er gömul bygging og barn síns tíma og takmarkað hvað hægt er að bæta aðgengi en er í góðu lagi miðað við aðstæður. Í þriðju byggingunni, Morgunblaðshúsinu svokallaða, Kringlunni 1 var gott aðgengi fyrir og er enn.

Nú þegar Háskólinn í Reykjavík er kominn á upphafsreitinn í byggingu nýs húsnæðis við Öskjuhlíðina, sem mun hýsa alla starfsemi skólans, lék okkur forvitni á að vita hvernig aðgengi væri í skólanum í dag og hvernig því yrði háttáð í byggingunni sem á að fara að reisa. Verkefnisstjóri nýbyggingarinnar er Porkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarviðs HR. Sjálfur er Porkell í hjólastól og hefur verið það í á annan áratug og segir það vera ósjálfráða hugsun að hugsa vel um aðgengi enda hafi hann misgóða reynslu eftir að hafa verið mikið á ferðalögum. Hann segist sjálfur hafa reynslu af því hve mikilvægt sé fyrir fatlaða að afla sér góðrar menntunar og hann efast um að hann hefði farið í háskólanám á sínum tíma ef hann hefði verið í hjólastól. Þá var ekki hugsað út í þessa hluti.

„Ég kom til starfa í HR árið 2004 og

þurfti ég ekki að haf áhyggjur af aðgengi sem var til fyrirmyndar og þó hinar byggingarnar tvær séu eldri þá er ekki hægt að segja en þegar á heildina er litið þá er aðgengi fyrir fatlaða að HR gott. Aðgengi að bílastæðum er gott, snyrtiaðstaða góð,

nýbygginguna: „Það fyrsta sem þarf að huga að er bílastæðamál, að þau séu góð og aðkoman að þeim sé í lagi og þá á það ekki að skipta máli þó þú sért í hjólastól eða hreyfihamaður að öðru leyti, allir eiga að hafa jafna möguleika til að komast að skólanum og frá honum, hvernig sem viðrar. Síðan er það öll hreinlætis- og klósettaðstaða sem þarf að vera í góðu lagi sem og aðkoma inn í fyrirlestrasali og vinnurými. Það gerist oft, meira að segja í fyrirlestrarsölum í nýjum skólabyggingum að þeir eru ekki nógu vel hannaðir þegar kemur að sérþörfum fatlaðra. Ekki aðeins vegna nemenda heldur einnig kennara. Allur tæknibúnaður þarf að vera á þann veg að fatlaðir geti notað hann á sama hátt og aðrir. Það á til dæmis ekki að þurfa að teygja sig til að draga niður tjald eða opna glugga og hægt á að vera að hækka og lækka töflur. Einnig þarf að hugsa um heyrnarskerta, að það sé gott hljóðkerfi til staðar, gera ráð fyrir því að blindir geti fundið herbergi sem þeir fara í og þar fram eftir götunum. Eigi fatlaðir að hafa fullt aðgengi á við aðra, þá er að mörgu að huga og við erum með hugann við slíkt við hönnun byggingarinnar í Öskjuhlíðinni. Við horfum á alla þessa þætti og ég mun nota mína reynslu til að hjálpa til að svo geti orðið.“

Porkell hefur á starfsferli sínum þurft að ferðast mikið og þekkir því af eigin raun hvað betur má gera þegar fatlaðir eiga í hlut, en hann var, áður en hann hóf störf í HR, í í fjölda ára sem framkvæmdastjóri þróunarviðs Eimskips og Burðaráss og hefur verið í stjórnnum fjölda fyrirtækja og stofnana meðal annars Marel og Öss-



Porkell Sigurlaugsson: „Allir eiga að hafa jafna möguleika á að komast að skólanum og frá honum, hvernig sem viðrar.“

en mætti vera betri í Höfðabakkahúsinu þar sem raunverulega er ekki nema ein þokkaleg snyrtiaðstaða fyrir fatlaða í allri byggingunni. En auðvitað er alltaf eitt-hvað sem má gera betur og það erum við með í huga við hönnun á nýbyggingunni við Öskjuhlíð.“

## Aðgengi bæði fyrir nemendur og kennara

Porkell er skiljanlega, sem stjórnandi húsbyggingarinnar með hugann við



**Eins og sjá má á þessari hönnunarteikninu af nýbyggingu Háskólans í Reykjavík þá fellur hún vel að umhverfinu.**

urar: „Á ferðalögum hef ég tekið eftir grundvallaratriðum sem hafa gleymst, meðal annars á hótélum sem gefa sig út fyrir að vera með gott aðgengi, til dæmis fyrir mig sem er í hjólastól, yfirleitt alltof hátt í snaga. Ég þarf eins og aðrir að geta hengt upp fötin mín, kvekt ljós eða stillt loftræstinguna og ég þarf að geta rúllað undir baðherbergisborð og hafa gott aðgengi að skrifborði og rúmi og meira mætti taka til af litlum atriðum. Þetta eru atriði sem skipta máli og er auðvelt að hafa þá í lagi séu þeir framkvæmdir í upphafi. Erfiðara er og kostnaðarsamara að framkvæma eftir á. Gott aðgengi er ekki aðeins að auðvelt sé að komast inn og út. Það er ýmislegt annað sem þarf að huga að.“

### Nýbyggingin við Öskjuhlöðina

Sem verkefnisstjóri að nýbyggingunni við Öskjuhlöð er Þorkell Ábyrgur fyrir hönd skólans: „Við byrjuðum strax og sameining Háskólans í Reykjavík og Tækniháskólans varð 2005, að huga að byggingu þar sem allur skólinn kæmist fyrir. Eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri skynsamlegt að byggja áfram á því svæði sem við erum nú, fórum við að líta í kringum okkur með nýbyggingu í huga, sem tæki alla starfsemina og fórum

að leita að hentugri lóð. Til greina komu lóðir í Garðabæ og við Öskjuhlöð. Við ákvaðum að semja við Reykjavíkurborg og í gang fór ferli sem kom. Farið var af stað með hugmyndasamkenni um skipulag svæðisins og fengum við fimm aðila úr hópi margra áhugsamra. Síðastliðið haust var farið að vinna með hönnuðum að tillögunni og nú er búið að hanna talsvert mikið og hefur tekist vel til og við væntum mikils af byggingunni sem fellur vel að umhverfinu. Miðjan er kjarni skól-

ans og álmur út frá kjarnanum eru hin- ar ýmsu deildir. Byggingaframkvæmdir sjálf fer líkast til í útboð í haust eða vetur og ráðgert er að fyrri hluti skólans verði opnaður 2009 og seinni hlutinn 2010, en verkið er í tveimur áföngum. Fyrst verða deildirnar sem eru í Morgunblaðshúsinu og í Höfðabakkanum fluttar í nýja húsnæðið en starfsemin í Ofanleitinu flytur 2010. Ég er í engum vafa um að skólinn á eftir að reynast fötluðum vel sem og öðrum.“

**Stodtækni ehf**  
 Jón Gestur Ármannsson  
 Sjúkraskósmiður  
 Lækjargata 34a - 220 Hafnarfjörður  
 533 1314 - 533 1516 - jon@stodtaekni.is

**Sérsmíði**  
**Göngugreiningar**  
**Innleggjasmíði**  
**Skóbreytingar**  
**Almennar**  
**skóviðgerðir**

Íþróttasamband fatlaðra:

# Markmiðið að allir fatlaðir sem áhuga hafa fái tækifæri til þátttöku í íþróttum

Fatlaðir einstaklingar á öllum aldri æfa hefðbundnar íþróttgreinar, sund, frjálsar íþróttir, borðtennis, ýmsar boltgreinar, keilu, lyftingar o.fl. bæði innan íþróttafélaga fatlaðra og einnig með almennum íþróttafélögum. Íþróttasamband fatlaðra er eitt af sér samböndum innan ÍSÍ og hefur innan sinna vébanda 22 aðildarfélög sem staðsett eru víðs vegar um landið. Hlutverk ÍF er að hafa yfirumsjón með öllum þeim íþróttgreinum sem fatlaðir stunda á Íslandi, annast útbreiðslu- og fræðslustarf varðandi íþróttir fatlaðra, vera fulltrúi Íslands varðandi erlend samskipti er tengjast íþróttamálum fatlaðra og gæta hagsmuna allra þeirra fótunarhópa sem eru innan ÍF, en þar eru þroskaheftir, hreyfihamlaðir, sjónskertir, blindir og heyrnarlausir/skertir. Sérstafa ÍF er sú að sambandið hefur ekki aðeins með eina ákveðna íþróttgrein að gera og því hefur stundum verið talað um ÍF sem „litla ÍSÍ“ þar sem uppbygging þess líkist frekar uppbyggingu ÍSÍ en sér sambandanna.

Sambandið reynir að sinna hverju aðildarfélagi sem best, með upplýsingastreymi varðandi mót og aðra atburði er tengjast íþróttum fatlaðra, aðstoðar félögin varðandi hugmyndir að fjáröflunarleiðum og hvað varðar uppbyggingarstarf og styrkir félaga innan þeirra til keppnisferða. Haldin eru námskeið, útbreiðslu-



Sigurliðið í bocca í 1. deild.



Mikil stemming ríkti á Íslandsmóti fatlaðra í Laugardalshöll í mars síðastliðnum. Á myndinni er Vignir Unnsteinsson sigurvegari í flokki þroskaheftra í lyftingum.



Keppendur sem tóku þátt í bogfimi á Íslandsmóti fatlaðra.

fundir úti um land, skólar heimsóttir, en samvinna við skóla og heilbrigðiskerfið er mjög nauðsynleg í útbreiðslustarfinu. Mikið samstarf er einnig við þau almennu íþróttafélög sem hafa fatlaða einstaklinga innan sinna vébanda.

### Fjölgunin mætti vera meiri

Framkvæmdastjóri Íþróttasambands fatlaðra er Ólafur Magnússon og segir hann iðkendafjöldann nokkuð stóran en fjölgunin hefur ekki verið nógu mikil að hans mati: „Við erum í sömu baráttu og önnur sérsambönd innan ÍSÍ, það er að fá fólk til að iðka íþróttir. Það er svo mikið af afþreyingarmöguleikum í boði að við verðum að hafa okkur öll við til að fá ungt fólk til okkar, en þess ber að geta að fatlaðir geta verið í félögum án þess að vera á skrá hjá okkur.“

Stór íþróttamót eru haldin á vegum ÍF og sambandið sér einnig um að senda keppendur til útlanda: „Við sendum fólk á mörg stórmót erlendis og þar sem við erum með margar íþróttagreinar á okkar vegum og úti í hinum stóra heimi mörg mót fyrir fatlaða í einstökum greinum þurfum við að vera vakandi fyrir því hvert er best að senda okkar keppendur. Ef við eigum afreksfólk í þeim íþróttagreinum sem við tökum þátt í, afreksfólk sem hefur náð tilskildum lágmarkum fyrir erlend mót þá er farið með keppendurna á þau mót.“

Hvað varðar vinsælustu íþróttagreinarnar þá segir Ólafur boccia vera vinsælast í dag: „Þar á eftir kemur sund, sem er sú grein sem við höfum lengi verið á heimsmælikvarða og eignast frábært

afreksfólk. Eins má nefna frjálssar íþróttir þar sem við höfum einnig átt miklu afreksfólki á að skipa. Sundfólkið okkar er sem fyrr í heimsklassa og til marks um voru mörg met sem sett á síðasta Íslandsmóti.“

### Íslandsmót fatlaðra

Árlega er haldið Íslandsmót fatlaðra og er það stærsta verkefni Íþróttasambands fatlaðra innanlands ásamt Íslandsleikum Special Olympics, en öflug starfsemi er í kringum slíkt mót hér heima og eru margir valdir til þátttöku á alþjóðlegum Special Olympics og má nefna að sendir verða 32 keppendur á Special Olympics sem haldið verður í Sjanghæ í Kína í október á þessu ári og keppa þeir í átta íþróttagreinum, en íþróttagreinarnar sem keppt er í á þessum leikum eru 23.

Íslandsmótið í ár sem haldið var 23. til 25. mars var víðamesta mót sem ÍF hefur staðið fyrir: „Mótið hafði þá sérstöðu miðað við fyrri mót að í fyrsta sinn vorum við með allar íþróttagreinarnar innan sambandsins á einu móti á sömu helgi. Frjálssar

íþróttirnar hafa verið sér, en nú komu þær inn. Vorum við mjög spennit að sjá hvernig þetta kæmi út og erum ánægð að leikslokum. Rúmlega 300 keppendur frá 18 félögum víðs vegar að af landinum tóku þátt í mótinu og gekk mótið í alla stað mjög vel fyrir sig. Frábær árangur náðist og mörg voru met slegin. Íþróttanefndir ÍF sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd mótsins stóðu sig mjög vel og þakka ég þeim frábært starf. Einnig aðstoðuðu nemendur við Íþróttakennaraháskólann á Laugarvatni við dómgæslu í frjálsum íþróttum, sundi og boccia en án þeirra hefði mótið ekki tekist eins vel og raun bar vitni.“

### Mörg mót framundan

„Auk þess að vera með öflugra starfsemi í kringum Special Olympics og fjöldi afreksfólks sent til Kína til að taka þátt í alþjóða Special Olympics þá eru önnur mót á okkar könnu erlendis. Ætli við séum ekki að senda keppendur á um það það bil tíu erlend mót á ári. Meðal



Þrjú starfa á skrifstofu Íþróttasambands fatlaðra sem er í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Talið frá vinstri: Anna Karólína Vilhjálmstöðttir, Anna Guðrún Sigurðardóttir og Ólafur Magnússon.

móta á þessu ári má nefna að í Tékklandi er heimsmeistarmót þroskaheftra í sundi í ágúst og í Slóveníu er Evrópumeistarmót í borðtennis svo eitthvað sé nefnt. Okkar fólk þarf að sækja þessi mót til að ná sér í styrkleikastig til að komast síðan á Olympíuleika fatlaðra, sem eru í Peking á næsta ári þegar hefðbundnum Olympíuleikum lýkur.“

Ólafur segir það ekki vitað hvað margir frá Íslandi fari á næstu Olympíuleika en síðast fóru þrír: „Það er ekki mikið miðað við oft áður og get ég nefnt að árið 1992 sendum við 18 keppendur, sem er mesti fjöldi hingað til. Má segja að fækkun hjá okkur hafi komið í kjölfar þess að samkeppnin er stöðugt að verða harðari og fleiri þjóðir eru farnar að beina augum sínum að Olympíuleikum fatlaðra, sem spennandi kost fyrir afreksfólk. Þetta eru þjóðir sem jafnvel viðurkenndu ekki að til væru íþróttir fatlaðra, til dæmis fyrrum austantjaldsþjóðir sem eru að senda gríðarlega sterka og vel þjálfaða keppendur.

Hvað varðar innlend mót á árinu þá eru þau fjölmörg á vegum einstakra félaga innan Íþróttasambands fatlaðra auk þess sem sambandið stendur fyrir mótum. Í kjölfarið á Íslandsmóti fatlaðra voru haldnir Íslandsleikar Special Olympics

í knattspyrnu í Reykjanesbæ um síðustu mánaðamót. Þá má geta þess að í júní og júlí verður haldið norrænt barna- og unglíngamót í Reykjavík.“ Ólafur nefnir einnig að eitt af vinsælustu verkefnum sambandsins séu sumarbúðir fyrir fatlaða á Laugavatni ár hvert ár: „Þessar sumarbúðir hafa gengið mjög vel og er vinsælt og þakklátt verkefni.“

### Kynning og norrænt samstarf

Íþróttasamband fatlaðra er aðili að norrænum heildarsamtökum Íþróttasambanda fatlaðra, NORD HIF. Í stjórn eru formenn Íþróttasambanda fatlaðra á Norðurlöndum en auk þess starfa nefndir að einstaka verkefnum. Mörg verkefni eru á vegum NORD HIF á hverju ári sem kalla á mikla samvinnu á milli Norðurlandanna. Til dæmis Norðurlandamót, vináttumót, fundir og námskeið. Skrifstofa NORD HIF var á Íslandi 1992–1995, en löndin skiptast á um að veita samtökunum formennsku og sjá um skrifstofuhald. ÍF er einnig aðili að alþjóðlegum samtökum hinna ýmsu fötlunarhópa og samtaka og tekur þátt í mótum og fundum á vegum þessarra samtaka þannig að umfang starfsins er mikið bæði innanlands og utan. Mikil og hröð þróun er í íþrótt-

heimi fatlaðra og mikilvægt er að fylgjast vel með.

Íþróttir eru mikilvægar fyrir fatlaða, þar sem þær stuðla að auknum líkamlegum styrk hins fatlaða auk þess að efla sjálfstraust og félagsþroska. Margir fatlaðir lifa við vanmat á eigin getu og oft hefur leiðin til sjálfshjálpar legið í gegnum þátttöku í íþróttum.

Samstarf við endurhæfingarstofnanir er því stór þáttur í starfi ÍF en segja má að íþróttir fyrir fatlaða séu áframhald af endurhæfingu þeirri sem fer fram á endurhæfingarstofnunum til dæmis eftir að einstaklingur hefur lent í slysi og hlotið fötlun. Ólafur telur að þrátt fyrir góðan árangur Íþróttasambands fatlaðra sé enn mikið verk fyrir höndum. Ennþá eru allt of margir fatlaðir einstaklingar úti um allt land, sem ekki hafa fengið tækifæri til þess að kynna íþróttum eða taka þátt í þeim: „Það er markmið sambandsins að allir fatlaðir einstaklingar sem áhuga hafa, fái tækifæri til þátttöku í íþróttum en því markmiði verður aðeins náð með því að virkja fleiri áhugasama einstaklinga til starfa að þessum málum auk þess sem nauðsynlegt er að efla kynningarstarfsemina innan skóla og heilbrigðisferfisins.“

## Halaleikhópurinn sýnir leikritið

# Batnandi maður

Halaleikhópurinn sýnir um þessar mundir leikritið *Batnandi maður* eftir Ármann Guðmundsson í leikstjórn höfundar. Leikhópurinn var stofnaður haustið 1992 í því augnamiði að gefa fötludum tækifæri til að iðka leiklist enda tæplega mörg tækifæri sem bjóðast t.d. leikara sem fastur er í hjólastól í hefðbundnari leikfélögum. Verkefnaval félagsins hefur tekið mið af þessu. eru sýningar á vegum Halaleikhópsins orðinn fastur punktur í leiklistarflóru landsmanna og ýmsar eftirminnilegar sýningar hafa litið dagsins ljós.

Að sögn Maríu Jónsdóttur, sem er í stjórn Halaleikhópsins hafa viðtökur á leikritinu verið nokkuð góðar: „Áhorfendur virðast hafa skemmt sér vel. Einn blogggaði um sýningunna og sagði hana vera lipra fléttu með sköndinni sýn á hlutskipti fatlaðra og traustum leikurum.“

Í gagnrýni sem birtist á [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is)

is segir meðal annars: „Heilt yfir var það afar ánægjuleg kvöldstund sem undirritaður átti með Halanum í Hátúni 12 og margt spaugilegt sem sat eftir í minningunni á heimleiðinni en einnig ýmislegt annað sem krafðist alvarlegri íhugunar.“

Batnandi maður fjallar á gráglettinn hátt um sjómanninn Sigmar, sem fengið hefur nóg af sjómennsku, og sér tækifæri þegar hann lendir í vinnuslysi til þess að láta úrskurða sig öryrkja og njóta þannig lífsins á kostnað skattborgaranna. Hann sogast inn í heim sem var honum með öllu ókunnur, eignast nýja vini og óvini, lendir í útistöðum við kerfið og verður svo sannarlega reynslunni ríkari. En þegar upp er staðið er líf öryrkjans kannski ekki alveg eins ljúft og hann taldi í fyrstu. Hvernig getur hann orðið 0% öryrki aftur? Dugar eitthvað minna en kraftaverk?

Að sögn Maríu var Ármann Guðmundsson annar tveggja sem sóttu um að gerast leikstjórar hjá Halaleikhópnum fyrir



Ásdís Úlfarsdóttir, Þröstur Steinþórsson, Kristinn Sigurjónsson og Þorkell G. Geirsson í hlutverkum sínum í *Batnandi maður*.


næsta ár jafnframt því sem hann semdi fyrir Halaleikhópin leikrit í tilefni af 15 ára afmæli leikhópsins. Hann kom með hugmyndina að verkinu og fékk nokkra Halafélaga til að segja sér reynslusögur til að fá hugmyndir í verkið.

Ármann Guðmundsson hefur á undanförunum árum gert nokkuð af að leikstýra hjá áhugaleikfélögum, bæði eigin verkum og annarra. Frumsamin verk eru *Beðið* eftir Go.com air hjá Leikfélagi Mosfellssveitar ('02), *Salka* miðill hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar ('03) sem hann samdi með Gunnari B. Guðmundssyni og leikhópnum og nú síðast *Álagabænum* ('04) og *Uppreisn Æru* ('05) hjá Leikfélagi Reyðarfjarðar.

	Krossgátu-gerð: Bjarni S. 588 7911	ó-fullgert	kjökrar	þoka	trjákvöða		áreitt	rórilla		málmur		iðngrein	maður	hænis	
	→		1				→		→	7		↘	illmenni		
	hrina röö						vakin baun		4		ánægða	8	gjóta kropp		
Tekning Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	konungur feitin			fótmál		2	snugga	vínandinn						
spendýr					tæmda	spilið		stuttara-lega						ljót-læra	9
kasla		bykkjan elska			6				dverg	3 eins			áköf pírra		
sigti			veitti	klippa				næring-unni		3			þegar		eyddur
útnesin							maður venslaðar		11	fjall auð					5
spyrja				elska ílátið			egnt bága				meyra		eyðing		
		manað	hreppa bakki			árförur 3 eins		áhalð 2 eins				mar snjókona			
	↘			→					→					skóli	
ástand			12			umgjörð					flát		dýra-hljóð		
	2 eins		glepja								hamlar		10		

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----

**– Takk fyrir veittan stuðning –**





#### KRAFTUR

Seigla í sambúð við krefjandi náttúru kveikja af sér góðar hugmyndir. Farþegar Ícelandair njóta þannig öryggis og hagræðis sem er í því fólgið að Ícelandair ber ábyrgð á farþegum sínum og farangri þeirra hvert sem leiðin liggur. Góð, íslensk tilfinning.

'07 | **70ÁR Á FLUGI**



[WWW.ICELANDAIR.IS](http://WWW.ICELANDAIR.IS)